



HÁSKÓLI ÍSLANDS

MA ritgerð
í félagsfræði

Traust innflytjenda til lögreglu
Upplifun Albana af íslensku lögreglunni

Bryndís Jónsdóttir

Leiðbeinendur: Dr. Helgi Gunnlaugsson og dr. Eyrún Eypórsdóttir
Febrúar 2024

Traust innflytjenda til lögreglu

Upplifun Albana af íslensku lögreglu

Bryndís Jónsdóttir

Lokaverkefni til MA-gráðu í félagsfræði
Leiðbeinendur: Dr. Helgi Gunnlaugsson og dr. Eyrún Eypórsdóttir

Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Febrúar 2024

Traust innflytjenda til lögreglu
Upplifun Albana af íslensku lögreglunni

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til MA-prófs
við Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands

© 2024 Bryndís Jónsdóttir
Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Reykjavík, 2024

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni í meistaranámi í afbrotafræði við félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild Háskóla Íslands. Ritgerðin vegur 30 einingar af 120 eining námi.

Áhugi minn á málefnum lögreglu hófst í Lögreglu- og löggæslunámi mínu við Háskólann á Akureyri. Á þeim tíma fékk ég einnig mikinn áhuga á minnihlutahópum, þá einkum varðandi hatursorðræðu og hatursglæpi. Þarf af leiðandi vakti umræðan um innflytjendur og vilja lögreglu til þess að nálgast þá athygli mína.

Ég var lánsöm að hafa tvo leiðbeindur þau dr. Helga Gunnlaugsson afbrotafræðing og prófessor við Háskóla Íslands og dr. Eyrúnu Eypórsdóttur mannfræðing og lektor við Háskólann á Akureyri. Ég vil þakka þeim báðum fyrir góða leiðsögn, gagnlegar athugasemdir og mikinn stuðning.

Viðmælendur mínir eiga þakkir skildar fyrir að taka þátt í rannsókninni, gefa sér tíma til að hitta mig og ræða opinskátt um viðfangsefnið. Án þeirra hefði verkefnið ekki orðið að veruleika.

Þakka ég Elmu Atladóttur fyrir dygga aðstoð við vinnslu viðtala. Brynjari Steini Jónssyni fyrir tæknilega aðstoð. Þá vil ég sérstaklega þakka Guðna Kolbeinssyni fyrir yfirlestur.

Útdráttur

Þessi rannsókn skoðar traust innflytjenda til lögreglu. Traust er mikilvægt fyrir lögregluna því hún vinnur með og fyrir samfélagið. Lögreglu reynist erfitt að nálgast samfélög innflytjenda sem stækka óðfluga. Fólksfjölgun og fjölbreyttara samfélag er vissulega áskorun fyrir lögreglu. Mikilvægt er að lögregla nái til allra hópa samfélagsins.

Markmið þessarar rannsóknar er að skoða traust innflytjenda til lögreglunnar. Með eigindlegri aðferðafræði og með hálfopnum viðtölum var rýnt inn í reynsluheim þátttakenda af samskiptum við lögreglu. Þátttakendur voru sjö Albanir, smæð úrtaksins hefur áhrif á alhæfingargildi en sýnir samt sem áður hver upplifun þeirra er. Umfjöllun fjölmiðla um Albani hefur verið talsverð og á neikvæðum nótum. Áhrif þeirrar umræðu koma fram og fordómar sem skapast við þá orðræðu.

Rýnt var í vinnuaðferðir lögreglu og gagnrýndar aðferðir sem fela í sér mismunun og jafnvel misbeitingu valds. Helst ber að nefna eftirlit þar sem leitað er á manneskju og í bifreiðum (e. stop and search). Lögregla hefur vissulega valdheimild til þess að stöðva þann sem henni þykir grunsamlegur og kallað það reglubundið eftirlit (e. routine check). Haldið hefur verið fram að slíku eftirliti sé beitt til að mismuna ákveðnum minnihlutahópum. Hópum sem þurfa að þola mikið eftirlit eða of-löggæslu (e. over-policing) af lögreglu. Ítrekað venjubundið eftirlit gæti flokkast sem of-löggæsla. Sömu hópar fá oft minni þjónustu frá lögreglu. Van-löggæsla (under-policing) lýsir sér í því að þolendur glæpa kalla ekki til lögreglu sé þess þörf. Kynþáttamörkun (e. racial profiling) er fylgifiskur þessara vinnubragða lögreglu sem bitnar helst á minnihlutahópum.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að innflytjendur bera lítið traust til lögreglu. Það virðist vera vegna samskipta þeirra við lögregluna. Þátttakendur upplifðu að eigin mati óhóflegt eftirlit lögreglu, meðal annars að vera stöðvuð að ástæðulausu. Þátttakendurnir upplifðu bæði of-löggæslu og van-löggæslu sem leiddi til þess að þau höfðu litla trú á því að þau gætu fengið réttláta málsmeðferð.

Leitarorð: Lögregla, innflytjendur, stop and search, of-löggæsla, van-löggæsla, kynþáttamörkun, traust.

Abstract

This study examines immigrants' trust in the police. Trust is important for the police because they work with and for the community. The police find it difficult to approach immigrant communities. Population growth and a more diverse society are challenges for the police. The police must reach out to all groups of society.

This study aims to examine immigrants' trust in the police. With qualitative research method and in-depth interviews, the participants' experiences of interactions with the police were explored. The participants were seven Albanians, and due to the small sample size, this study does not have generalizability but shows their experience. Media coverage of Albanians has been considerable and negative. The impact of that discussion is apparent, and the prejudice created by this discourse.

Police methods were explored. Criticized methods that include discrimination and even abuse of power. Ideally, mentioned surveillance that leads to body search or in a vehicle (e. stop and search) The police certainly have the authority to stop anyone they consider suspicious in the context of a routine check. It has been claimed that such surveillance is used to discriminate against certain minority groups who already suffer too much surveillance or over-policing by the police. Repeated routine surveillance could be classified as over-policing. Some groups often receive less service from the police. Under-policing manifests itself in the fact that victims of crime do not call the police if needed. Racial profiling is a byproduct of these police methods and mostly affects minority groups.

The main findings of the study were that immigrants have little trust in the police. It seems to be because of their interactions with the police. Participants experienced both over-policing and under-policing and had little faith that they would be able to receive procedural justice.

Keywords: Police, immigrants, stop and search, over-policing, under-policing, racial profiling, trust.

Efnisyfirlit

Formáli.....	3
Útdráttur.....	4
Abstract	5
1 Inngangur.....	7
2 Baksvið rannsóknarinnar	9
3 Fræðilegur bakgrunnur	14
3.1 Landamæragæsla.....	17
3.2 Of-löggæsla	18
3.3 Van-löggæsla	21
3.4 Kynþáttamörkun	22
3.5 Traust til lögreglu.....	23
4 Aðferðafræði.....	27
4.1 Úrtak	27
4.2 Úrvinnsla gagna	28
4.3 Álitamál.....	29
5 Niðurstöður	30
5.1 Orðræða og örارةiti	31
5.2 Aðlögun	36
5.3 Kynþáttamörkun	40
5.4 Vantraust.....	43
5.5 Álit á lögreglu í heimalandinu	46
5.6 Misbeiting valds og ofbeldi	46
6 Samantekt og lokaorð	53
Heimildaskrá	57
Viðauki 1.....	65
Viðauki 2.....	67

1 Inngangur

Hugmyndin að rannsókninni kviknaði í meistaranáminu. Ég hafði tekið að mér að vera spyrill hjá Félagsvísindastofnun fyrir Evrópsku samfélagskönnunina (e. European Social Survey). Í þeirri könnun var spurning um traust til lögreglu og annarra stofnana (European social survey, e.d.). Það var áberandi hvað þeir sem tengdust innflytjendum á einhvern hátt, áttu erfiðara með að lýsa yfir fullu trausti á lögreglu eins og þau sögðust áður hafa gert. Lýstu þau breyttu hugarfari gagnvart lögreglu eftir að hafa kynnst framkomu hennar við innflytjendur sem þau tengdust fjölskylduböndum. Í samtölum þessum kom fram að lögregla væri að stöðva innflytjendur ítrekað í umferðinni án sýnilegra ástæðna. Taldi fólk að þarna væri um fordóma að ræða og misbeitingu valds. Mér fundust þessi ummæli mjög framandi og fékk strax áhuga á að skoða þetta betur. Þar sem þessi upplifun hafði áhrif á innfædda í tengslum við innflytjendur hlyti þetta að hafa áhrif á innflytjendur sjálfa og traust þeirra til lögreglu. Það hafa ekki verið gerðar margar rannsóknir á trausti innflytjenda til lögreglu hér á landi að mér vitandi. Vaxandi fjöldi erlendra rannsókna hefur sýnt fram á að ef lögregla misbeittir valdi eða mismunar fólki við löggæslu, geti það valdið vantrausti á lögreglu (Yuan, Wu og Melde, 2022).

Traust skiptir verulegu máli fyrir lögreglu, því að hennar starf er að vinna með og fyrir samfélagið. Til þess að fólk leiti til lögreglu ef brotið er á því og einnig ef það verður vitni að afbroti, þarf að ríkja traust til lögreglunnar um sanngjarna meðferð mála. Á síðustu árum hefur áhugi á þessu efni farið vaxandi á Norðurlöndunum og í Evrópu, sem sjá má á nýlegu verkefni PolStops sem styrkt er af Evrópuráði. Verkefnið Pol.Stop er samvinnuverkefni þar sem skoðað var traust innflytjenda til lögreglu. Auk þess eru áhrif löggæslu skoðuð, sérstaklega sú aðferð sem nefnd er „Stop and Search“. Hún felst í því að lögregla geti stöðvað fólk og leitað á því ef það þykir að einhverju leyti grunsamlegt, án leitarheimilda (PolStops, 2022). Flestar rannsóknir af þessu tagi hafa fram að þessu verið gerðar í Bandaríkjunum og Bretlandi. Nú er verið að rannsaka þessar aðferðir og afleiðingar þeirra í vaxandi mæli á Norðurlöndunum og í Evrópu. Fram kemur að neikvæð upplifun af lögreglu verður til þess að rýra traust til hennar (Saarikkomäki, o.fl., 2021). Rannsókn af þessu tagi gæti gagnast lögreglu þar sem miklar breytingar hafa orðið á íslensku samfélagi sem er fjölbreyttara en áður.

Upplýsingar um viðhorf og upplifun innflytjenda af lögreglu hérlendis eykur vitneskju um málaflokkinn. Það gæti nýst til að bæta samskipti lögreglu og innflytjenda. Á stefnuskrá lögreglu hefur verið að bæta samskipti við innflytjendur. Þá sérstaklega síðustu ár vegna þess mikla fjölda innflytjenda sem kominn er til landsins. Breytt samfélag kallar á breyttar áherslur (Kristín Sigurðardóttir, 2016; Arnhildur Hálfðánardóttir, 2020a; Arnhildur Hálfðánardóttir, 2020b).

Rannsókn þessi leitast við að skoða reynslu albanskra innflytjenda á Íslandi af lögreglunni. Ástæða þess að Albanir voru valdir fyrir þessa rannsókn er sú að fyrstu viðmælendurnir voru Albanir. Bæði sögur úr lífi þeirra og fjölmiðlaumræðan síðustu ár vöktu áhuga á þessum hópi fólks. Þegar tölur frá Hagstofu Íslands eru skoðaðar þá er þetta ekki stór hópur, aðeins 341 einstaklingur er skráður með Albaníu sem fæðingarland í janúar 2023. Í viðtölunum kemur fram að Albanir séu að minnsta kosti helmingi fleiri hér á landi.

Leitað verður svara við eftirfarandi rannsóknarspurningum; fyrst því, hvort viðmælendurnir, sem allir eru Albanir, beri traust til lögreglunnar á Íslandi. Í öðru lagi er rannsókninni ætlað að ná fram sýn albanskra innflytjenda á íslenska lögreglu og löggæslu, og hvort vinnuaðferðir lögreglu hafi áhrif á traust þeirra til hennar. Í þriðja lagi er skoðað hvort reynsla af lögreglu í heimalandi viðkomandi hafi áhrif á viðhorf til hennar.

Ritgerðinni er skipt upp í sex kafla. Á eftir inngangi kemur kafli um baksvið rannsóknarinnar þar sem farið er yfir breytingar á samfélagsgerð vegna fólksfjölgunar og áskoranir sem því tengjast. Þá kemur kafli um fræðilegan bakgrunn og fyrri rannsóknir. Þar eru skoðaðar rannsóknir og kenningar sem varða minnihlutahópa og vinnuaðferðir lögreglu. Síðan kemur aðferðafræðikafli sem lýsir gagnaöflun og greiningu gagna. Í þessari rannsókn var notuð eigindleg rannsóknaraðferð sem fólst í því að taka hálfstöðluð viðtöl við innflytjendur. Því næst er farið yfir niðurstöður rannsóknarinnar, en þær benda til þess að fordómar komi fram í vinnubrögðum lögreglu og vantraust ríki meðal innflytjenda til hennar. Að síðustu eru umræður þar sem rýnt er í niðurstöður og skoðað hvernig þessar niðurstöður svara rannsóknarspurningum.

2 Baksvið rannsóknarinnar

Rannsóknir á minnihlutahópum eins og innflytjendum hafa að mestu leyti verið gerðar í Bandaríkjunum, Bretlandi, Kanada og Ástralíu þar sem fjölbreytileiki er mikill í þessum samfélögum. Rannsóknir beinast ósjaldan að ójöfnuði, aðlögun og fordómum svo eitthvað sé nefnt (Okamoto, Tropp, Marrow og Jones-Correa, 2020). Það hefur færst í aukana að samskipti innflytjenda við samfélag gistilandsins séu skoðuð. Einnig hefur verið áhersla á samskipti innflytjenda og lögreglu. Fleiri lönd hafa bæst í hópinn þar sem fólksflutningar hafa aukist verulega síðustu ár. Talið er að um árið 2020 hafi innflytjendur á heimsvísu verið 3,6 prósent jarðarbúa. Þannig að einn af hverjum þrjátíu íbúum heimsins er innflytjandi (Interactive world migration report, 2022).

Á Norðurlöndunum eru um þrjár og hálf milljón innflytjenda. Tölur frá 2022 sýndu að Svíþjóð var með flesta innflytjendur, rúm átján prósent. Því næst voru það Noregur og Ísland með rúm fjórtán prósent, Danmörk rúm tíu prósent og Finnland rak lestina með sex prósent innflytjenda (Immigrants in the nordic countries, 2022). Fjöldi innflytjenda á Íslandi nú árið 2023 hefur aukist í rúm átján prósent íbúa landsins (Hagstofan e.d.). Aðlögun innflytjenda hefur verið mörgum fræðimönnum umhugsunarefni og margar rannsóknir hafa verið gerðar á því hvernig innflytjendur aðlagast nýju heimalandi og hvernig sé hægt að gera aðlögun árangursríka. Með árangursríkri aðlögun er verið að gera fólki kleift að taka þátt í samfélaginu og að það verði samfélagsleg fjárfesting fyrir fjölmeningarþjóðfélag (Bonoli, 2020). Þá hafa rannsóknir fjallað um innflytjendur í samhengi við ofbeldi og glæpi og þar af leiðandi samskipti við lögregluþyriföld (Gonzalez O'Brien, Hurst, Reedy og Collingwood, 2019) og jafnframt með hvað hætti lögregluþyriföld geti brugðist við breytingum í samfélögum í átt að meiri fjölbreytni (Chan, 1996).

Það eru margir þættir sem koma að því að aðlögun gangi vel. Þeir þættir eru til að mynda tungumálakunnátta, möguleikar á atvinnu og námi, vitneskja um réttindi og pólitíska þátttöku í samfélaginu. Þessi þættir geta verið útilokandi fyrir innflytjendur, t.d. hefur vankunnátta í tungumáli gistilandsins áhrif á tækifæri til náms og atvinnumöguleika. Vanþekking á stjórnsýslu og pólitískri þátttöku hefur einnig hamlandi áhrif. Allt þetta getur orðið þess valdandi að mörgum innflytjendum finnst þeir utangarðs í samfélaginu og verði fyrir mismunun (Fangen, 2010).

Tungumálaörðugleikar geta átt þátt í vantrausti til réttarkerfisins einnig getur neikvæð upplifun af lögreglu í heimlandinu haft þar áhrif. Mæti innflytjendur síðan mismunun í gistilandinu getur það orðið til þess að þessir hópar einangrist enn frekar og forðist lögregluna með öllu. Það gerir lögreglu erfitt fyrir þar sem hún þarf á samvinnu með samfélaginu að halda til þess að halda uppi lögum og reglu. Einnig er þetta samtal mikilvægt svo að glæpir séu tilkynntir og að brotápolur þori að koma fram og biðja lögreglu um aðstoð (Murphy og Mazerolle, 2018). Þetta sýnir sig í rannsókn sem gerð var í borginni Turku í Finnlandi á hópi innflytjenda frá Afríku. Þar kom fram að vandamál við aðlögun komi upp þegar innflytjendur safnast saman í ákveðnum hverfum. Einnig kom þar fram að vantraust til lögreglu skapaðist vegna tungumálaörðugleika og menningarmunar. Hafi fólk haft slæma reynslu af lögreglu fyrir komuna til Finnlands voru litlar líkur á því að það myndi leita til lögreglu ef það yrði þolendur glæpa (Egharevba, 2009).

Frá árinu 1990 til 2023 hefur innflytjendum á Íslandi fjölgað frá því að vera um tvö prósent þjóðarinnar upp í rúm átján prósent (Hagstofan e.d.). Samkvæmt Hagstofu Íslands er skilgreiningin á innflytjenda eftirfarandi: „*Innflytjandi er einstaklingur sem er fæddur erlendis og á foreldra sem einnig eru fæddir erlendis, svo og báðir afar og ömmur. Innflytjendur af annarri kynslóð eru einstaklingar sem fæddir eru á Íslandi og eiga foreldra sem báðir eru innflytjendur. Fólk er talið hafa erlendan bakgrunn ef annað foreldrið er erlent. Einstaklingur sem fæddist erlendis en á foreldra sem báðir eru fæddir hér á landi telst einnig hafa erlendan bakgrunn.*“ (Hagstofan, 2019). Þó þeir sem hafa erlendan bakgrunn séu í daglegu tali ekki skilgreindir sem innflytjendur getur verið innan hópsins fólk sem þarf að þola neikvæð viðhorf, t.d. vegna litarhafts.

Allt frá árinu 2007 hefur íslenska ríkið sett fram stefnu um aðlögun innflytjenda sem átti að tryggja öllum íbúum jöfn tækifæri til að vera virkir þátttakendur samfélagsins. Hugtakið aðlögun hefur samt ekki verið sérstaklega skilgreint sem kemur einnig fram í stefnu stjórnvalda frá 2019 (Þingskjal nr. 305/2018-2019). Þar er minnst á að aðlögun innflytjenda ráðist af viðhorfi heimafólks og mikilvægt sé að uppbyggileg samfélagsumræða sé leidd af stjórnvöldum (Ómar Hjalti Sölvason, Þorlákur Axel Jónsson og Markus Hermann Meckl, 2021). Í rannsókn Ómars, Þorláks og Markusar (2021) skoða þeir tvær leiðir til samruna fólks við nýja menningu. Annars vegar samlögun (e. assimilation) með áherslu á einsleitni samfélagsins og að

innflytjendur láti af sínum sérmeningarlegu einkennum og taki upp ríkjandi menningu gístillandsins. Hins vegar er það samþætting (e. integration) sem hefur meira umburðarlyndi gagnvart menningarlegum fjölbreytileika sem er litið á sem auðlind og styrk fyrir samfélagið. Í niðurstöðum þeirra má lesa að bæði Íslendingar og innflytjendur voru hlyntari samþættingarstefnu (Ómar Hjalti Sölvason o.fl. 2021). Það kemur einnig fram í þessari rannsókn að bæði Íslendingar og innflytjendur leggja ríka áherslu á íslenskukunnáttu. Þess má þá geta að fyrir liggur þingsályktunartillaga um aðgerðir í málefnum íslenskrar tungu þar sem lögð er rík áhersla á bætt gæði og aðgengi að íslenskunámi fyrir innflytjendur (Þingskjal nr. 582/2023-2024).

Á Íslandi hafa lögregluþyrirvöld brugðist við auknum fjölbreytileika með litlum hætti og aðeins undanfarin örfá ár hafa lögregluþyrirvöld byrjað að ræða málefni sem tengjast auknum fjölbreytileika. Í greiningarskýrslu Ríkislögreglustjóra frá árslokum 2019 er til dæmis fjallað um líklegar áskoranir lögreglunnar fram til 2024 vegna fólksfjölgunar. Þar er lýst yfir að fjölgun íbúa og hlutfallsleg breyting á uppruna landsmanna muni hafa áhrif á löggæslu. Einnig að innflytjendur muni ekki skiptast jafnt milli umdæma og líklega verði fjölgun mest á höfuðborgarsvæðinu, á Suðurnesjum og Suðurlandi. Áskoranir sem þessu fylgja eru auknar kröfur um tungumálakunnáttu og menningarlæsi, því reynslan sýni að lögregla hafi ekki greiðan aðgang að samfélögum innflytjenda (Ríkislögreglustjóri, 2019).

Það eru ekki einungis innflytjendur sem þurfa að aðlagast nýjum aðstæðum heldur þarf samfélagið allt að aðlagast og það á einnig við um lögregluna. Í rannsókn Guðmundar Oddssonar og Andrew Paul Hill (2021) kemur fram að lögregla hefur ekki jafn greiðan aðgang að samfélögum innflytjenda. Auk tungumálaörðugleika treysta innflytjendur lögreglunni síður en ráðandi hópar og gerir þetta samskipti og störf lögreglu erfiðari. Það hefur reynst erfitt að fá innflytjendur inn í lögreglunámið og því endurspeglar lögreglan ekki fjölbreytileika samfélagsins. Annað sem gerir lögreglunni erfitt fyrir er að þrátt fyrir mikla fólksfjölgun hefur verið skorið niður hjá lögreglu á sama tíma vegna fjárskorts (Guðmundur Oddsson o. fl., 2023).

Nám lögreglu hefur verið skoðað í sambandi við samskipti við minnihlutahópa og hefur þar verið nefnt menningarlæsi og þjálfun í samskiptum. Þótt það þurfi einnig að auka vitneskju um störf lögreglu og lagaramma sem hún vinnur eftir í samfélaginu, þá virðist það vega þyngra að lögregla vinni að betri samskiptum. Lögregla lítur oft á

sig sem sérstakan hóp og samfélagið sem annan hóp, sem leiðir af sér þá ímynd að það séu til „við“ og „hinir“. Þetta getur haft áhrif á traust lögreglunnar til samfélagsins (Mourtgos, Mayer, Wise og O'Rourke, 2020). Í rannsókn frá Lögregluskólanum í Ósló kom fram að það sé ekki nóg að taka inn nemendur með innflytjendabakgrunn. Það hafi sýnt sig að þekking þessara nemenda á innflytjendasamfélögum og tungumálakunnátta þeirra nýtist í vinnu. En það vanti töluvert upp á að þessi kunnátta nýtist í náminu svo það skili sér einnig til þeirra sem eru í meirihluta, þ.e. norskra nemenda. Námið þurfi að breytast og vera opnara fyrir fjölbreytileika til þess að nýta það sem þessir nemendur hafa fram að færa (Bjørkelo, Bye, Leirvik, Egge og Ganapathy, 2021).

Lögreglan sem hinn sýnilegi armur réttarkerfisins og ráðandi hópa samfélagsins þarf að endurspeglar samfélagið. Í Evrópu síðustu ár hefur verið áhersla hjá lögreglu á að taka inn lögreglunema úr minnihlutahópum (Guðmundur Oddsson o.fl., 2020). Þetta er gert í þeim tilgangi að vinna að trausti á lögreglu hjá minnihlutahópum og auðvelda samskipti við þessa hópa (Fekjær og Alecu, 2022). Sama umræða hefur verið hér á landi; að það sé þarft að fjölga lögreglumönnum með innflytjendabakgrunn til þess að lögregla fái betri skilning á öllum kimum samfélagsins (Arnhildur Hálfánardóttir, 2020b).

Samkvæmt ríkislögreglustjóra er fókusinn nú settur á það að ná inn fleirum með erlendan uppruna í lögreglunámið (Erla María Markúsdóttir, 2022a). Það hefur ekki gengið vel að ná til þessa hóps hér á landi og því miður hefur innflytjendum sem sótt hafa um í lögreglufræðina fækkað eftir að námið fór á háskólastig 2016. Ástæður þess eru taldar vera þær að umsækjendur þurfa að hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegu námi en tölfræði sýnir að fyrstu og annarrar kynslóðar innflytjendur hafa hátt brottfallshlutfall úr framhaldsskólanámi. Einnig er talið að tungumálakunnátta hafi eitthvað um eftirspurn í námið að gera hjá innflytjendum (Guðmundur Oddsson o.fl., 2020). Fekjær og Alecu (2022) benda á að það sé einnig brottfall hjá nemendum með minnihluta bakgrunn í lögreglunáminu í Noregi. Þetta getur stafað af því að innflytjendur finni ekki hljómgrunn í náminu þar sem það virðist miðast við hvítan kúltúr og það geri aðlögun erfiða. Auk þess sem minnst er á öræreiti (e. microaggression), dulda fordóma og tilfinninguna um að tilheyra ekki, sem hluta brottfalls bæði úr námi og lögreglustarfinu (Fekjær og Alecu, 2022).

Vakning hefur verið síðustu ár varðandi fordóma innan lögreglunnar þó að það hafi ekki verið rannsakað mikið hér á landi. Í viðtali Eyrúnu Eypórsdóttur í Kjarnanum (2022) segir hún að það sé líklegt að fordómar finnist innan lögreglunnar eins og annars staðar í samfélaginu. Þessi umfjöllun kom í kjölfar fréttu af því að 16 ára drengur var tvívegis tekinn í misgripum fyrir strokufanga sem var eftirlýstur. Það eina sem þeir áttu sameiginlegt var dökkur húðlitur. Þetta vakti mikla reiði í samfélaginu og bent var á kynþáttamörkun (e. racial profiling) af hendi lögreglu. Eyrún bendir á að fræðsla sé eina meðalið við fordómum og að það sé verið að vinna að því í námi lögreglunema (Erla María Markúsdóttir, 2022b).

Erlendis hafa rannsóknir sýnt að þótt það sé verið að kenna fjölbreytileika og menningarlæsi, þá sé til stofnanarásismi sem getur haft yfirhöndina þegar komið er í vinnu þar sem lögreglunemum er ráðlagt að líta til yfirmanna sinna og læra af þeim. Það er því nauðsynlegt að endurmenntun sé til staðar svo komist verði hjá því að fordómar náí að breiðast út (Miles-Johnson, 2019). Þó að fjölbreytileiki, fordómar og kynþáttamörkun séu ekki ný viðfangsefni lögreglu að mati ríkislögreglustjóra eru áherslur samt að færast í þá átt, með breyttu námi og ríkari áherslu á fjölbreytileika í löggæslu eins og málefnum útlendinga og fjölmenningu (Erla María Markúsdóttir, 2022a).

3 Fræðilegur bakgrunnur

Snemma á tuttugustu öldinni kom Chicago háskólinn fram með rannsóknir sem skoðuðu áhrif uppbyggingar samfélagsins á einstaklinginn. Clifford Shaw (1895–1957) og Henry McKay (1899–1980) settu fram kenningu byggða á rannsóknum Ernest Burgess (1886–1966) sem skoðaði uppbyggingu Chicagoborgar 1925. Hann kortlagði borgina og efnahagsstöðu þeirra sem bjuggu á ákveðnum svæðum og gat þannig bent á að í fátækari hverfum, þar sem innflytjendur bjuggu, var glæpatíðni hærrí en annars staðar (Cox o.fl., 2014). Kenning Shaw og McKay, *Social Disorganizational Theory*, gekk út á að félagslegt viðhorf og umhverfi hefðu áhrif á tíðni glæpa á vissum svæðum og/eða í vissum hópum (Cullen o.fl., 2018; UK Essays, 2018). Robert Merton (1910–2003) varpaði ljósi á það álag sem skapast getur þegar tilteknum hópum reynist erfitt að uppfylla kröfur samfélagsins og ráðandi hópa. Með álagskenningunni (e. Strain Theory) hélt Merton því fram að ójöfnuður og vanmáttur einstaklingsins til þess að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið af samfélaginu, gæti leitt til þess að gripið sé til annarra óhefðbundnari leiða til að ná markmiðunum (Cullen, Agnew og Wilcox, 2018).

Ástæða þess að minnst er á þessar kenningar hér er sú að þegar innflytjendum er haldið utan við samfélagið og meinaður aðgangur að húsnæði, atvinnu og námi er hætt við því að þeir leiti annara leiða til þess að sjá sér farborða. Seinni túlkanir Roberts S. Agnew (2001) á álagskenningu (e. Strain Theory) Mertons hafa beinst meira að hópum og samfélögum en að einstaklingum. Það á einmitt við hópa innflytjenda til dæmis sem hafa gefið upp heimalandið og hafa væntingar um betri hagi í gistilandinu. Tungumálaörðugleikar og fjárhagslega erfið staða gera þeim erfitt fyrir að ná sínum markmiðum. Tilhneigingin er að það myndist innflytjendahverfi þar sem ríkir atvinnuleysi og fátækt og félagslegt taumhald er lítið. Það veldur álagi, depurð og reiði þegar erfitt reynist að ná markmiðum með löglegum leiðum og þar af leiðandi eru einhverjir sem grípa til annarra leiða eins og glæpa (Agnew 2001; Cullen, Agnew og Wilcox, 2018).

Mjög margar rannsóknir á minnihlutahópum og innflytjendum hafa verið gerðar í Bandaríkjunum og ekki er hægt annað en að skoða þróun kenninga og hvernig áhrif þær geta haft, komist þær á flug. Í þessu sambandi má nefna kenningu eins og *Broken Window Theory*. Í framhaldi af kenningum Shaw og McKay kemur út grein eftir þá James Q. Wilson og George L. Kelling í *Atlantic Monthly* 1982, þar sem þeir halda því

fram að það þurfi að taka harðar á óspektum og minniháttar brotum. Þetta byggja þeir á kenningunni um brotna glugga, eða Broken Window Theory, sem gengur út á að ef hverfi eru látin drabbast niður þá vindi það upp á sig (Dixon, 1998). Líkingamálið er það; að ef ekki er gert við brotinn glugga í húsi, þá leiði það til þess að fleiri gluggar verði brotnir, þar sem álitnið er að enginn sé að fylgjast með eigninni. Þannig að hverfi sem verða umkomulaus eru tilvalinn völlum fyrir glæpi og óæskilega starfsemi (Cullen o.fl., 2018). Með því að ráðast gegn minniháttar brotum (skemmdarverkum, veggjakroti, drykkju á almannafæri, að kasta af sér þvagi á almenningssvæðum eða henda rusli) átti það að sýna að það væri engin þolinmæði fyrir alvarlegri brotum (Sridhar, 2006).

Rúmum áratug síðar þróast út frá þessari kenningu, Broken Windows Theory, vinnuaðferð lögreglu í New York borg sem kallast *Zero Tolerance* (engin miskunn) sem var í raun hugsuð þannig að það yrði staðið við refsingar sama hvert brotið væri og/eða aðstæður. Með þessu átti að hreinsa götur New York borgar (Dixon, 1998). Sridhar (2006) bendir á í grein sinni frá 2006, að glæpum fækkaði í New York en það gerðist einnig í öðrum borgum Bandaríkjanna á sama tíma og gæti hafa verið vegna minna atvinnuleysis og hagsældar á þessum tíma.

Aðferðin Zero Tolerance hefur verið gagnrýnd vegna þess að þetta leiddi til meiri hörku hjá lögreglu sem beindist þá sérstaklega að minnihlutahópum sem leiddi til þess að virðing og traust til lögreglu dvínaði (Sridhar, 2006). Þessi harka hjá lögreglu þekkist einnig í Evrópu þar sem hún er talin bitna á minnihlutahópum. Rannsóknir þaðan sýna að þetta hefur áhrif á hvernig þessir hópar finna fyrir útilokun frá samfélaginu við það að vera stoppaðir af lögreglu án ástæðu (Pol.Stops, 2022). Þeir sem tilheyra (e. inclusion), sem eru hvítir, verða minna varir við þessi stöpp en þeir sem tilheyra ekki (e. exclusion) og eru litaðir.

Í sænskri rannsókn á ungum karlmönnum, bæði innflytjendum og annarrar kynslóðar innflytjendum, kom í ljós að útilokun veldur lágu sjálfsmati og óöryggi með hverjum eða hvaða hópi þeir tilheyri. Einnig að það hafi tekið á að koma sér upp leiðum til þess að kljást við fordóma og útilokun í hinni „Nýju Evrópu“ (Herz og Johansson, 2012). Norsk rannsókn á ungum innflytjendum sýndi að félagsleg útilokun fylgir því að fá ekki vinnu vegna bakgrunns og sama má segja um menntun. Þeir sem höfðu veikt bakland, það er foreldra með lágt menntunarstig sem höfðu ekki tækifæri til þess að

styrkja börn sín til náms, hættu frekar í námi en innflytjendur frá löndum þar sem vægi menntunar var meiri.

Útilokun á úrræði getur haft í för með sér andfélagslega hegðun eins og gerðist í Svíþjóð og Noregi þar sem ungir innflytjendur gerðu uppþot í hverfum sínum. Einangruð hverfi innflytjenda geta merkt útilokun frá samfélaginu en einnig verið sameiningartákn þeirra sem eru útilokaðir. Þetta getur valdið því að þeim sem útilokast vegna kynþáttar og fordóma frá námi og atvinnu finnst þeir ekki hafa neinn annan kost en að sýna andfélagslega hegðun og leiðast þess vegna út í glæpi (Fangen 2010).

Ungmenni með innflytjendabakgrunn á Norðurlöndunum lýstu því hvernig þeim fyndist þau stimpluð sem glæpamenn af lögreglunni þar sem þau voru iðulega stoppuð og spurð um hagi af lögreglu hvort sem þau voru á leið úr og í skóla eða á almenningssvæðum. Þau höfðu orð á því að þetta væru fordómar og að þau efuðust um lögmæti þessara stoppa. Að vera sífellt litin hornauga vegna útlits síns reynist þessum ungmennum erfitt og þau lýstu því að þótt þau væru fædd á Norðurlöndunum væri eins og þau tilheyrðu ekki samfélaginu (Solhjell, Saarikmäkki og Haller, 2019).

Rannsóknir sem gerðar hafa verið hérlandis á börnum og ungmennum sem eru innflytjendur benda til þess að mörg þeirra eigi í erfiðleikum með að læra íslensku og einnig að kynnast íslenskum jafnöldrum. Þrátt fyrir skilning þeirra og virðingu fyrir fjölmeningarsamfélagi virðast þau að mörgu leyti jaðarsett (Hanna Ragnarsdóttir, 2019). Mismunurinn sem innflytjendur upplifa í sínu daglega lífi, ekki einungis frá stofnunum samfélagsins, heldur líka hegðun samfélagsins í þeirra garð, getur haft áhrif á andlega heilsu.

Þeir sem upplifa mikla höfnun eða mismunurinn eru mjög líklegir til þess að þróa með sér andleg veikindi eins og streituröskun og þunglyndi (Straiton, Aambø og Johansen, 2019). Eins og bent er á í þessum rannsóknum er mikilvægt fyrir minnihlutahópa eins og innflytjendur að finnast þeir tilheyra samfélaginu og því er aðlögun þeirra mikilvæg. Einnig þarf að horfa á þessa einangrandi þætti sem áður hafa verið nefndir. Það á ekki síður við hvað varðar stofnanir eins og lögregluna sem er sýnilegi hlutinn af réttarkerfinu og speglar ráðandi hópa samfélagsins. Hér á eftir verður fjallað um þau álitamál sem koma upp í samskiptum lögreglu og innflytjenda.

3.1 Landamæragæsla

Í mörgum rannsóknum er sjónum beint að landamærum og landamæravörslu. Með auknu flæði innflytjenda hafa varnir þjóðríkja eflst og harðari reglur verið settar til að hamla flæði fólks inn í Bandaríkin, Norður-Evrópu og eins hefur það orðið raunin hjá Norðurlöndunum (Fassin 2011). Það eitt og sér er ekki svo athugunarvert en þegar litið er til þess för hverra er verið að hamla má skoða kynþætti sérstaklega. Í bókinni *Whiteness and Postcolonialism in the Nordic Region* er talað um að í Evrópu og á Norðurlöndunum hafi fordómar (e. racism) einna helst verið tengdir við gyðingahatur og helförina. Afleiðingar þess eru að orðræðan um kynþætti og fordóma er oft á tíðum talin aukaatriði þegar kemur að umræðu um innflytjendur. Þá er frekar rætt um þjóðerni, ráðandi hópa og minnihlutahópa sem er orðið norm í fræðunum þegar verið er að rannsaka það sem við kemur innflytjendum. Með þessu er komist hjá því að notast við flokkunarfræði á kynþáttum sem hefur verið notuð í Evrópu og á Norðurlöndunum þegar kemur að innflytjendastefnu (Kristín Loftsdóttir og Lars Jensen, 2012).

Gagnrýnar hvítleikarannsóknir (e. critical whiteness studies) hafa bent á að með flokkun, þá er talað um okkur og hina, þá sem eru hvítir og þá sem eru minna hvítir. Einnig benda þessar rannsóknir til þess að nýlendustefna evrópskra þjóða og þátttaka Norðurlandanna sé með öllu gleymd þegar kemur að innflytjendamálum (Ponzanesi og Blaagaard, 2011; Kristín Loftsdóttir og Lars Jensen, 2012). Þegar talað er um hnattvæðingu, þá er öllu gert kleift að geta farið á milli landamæralausra svæða; peningum, fyrirtækjum og fólki. Það hefur reyndar ekki verið þannig fyrir alla, þar koma til öryggisráðstafanir á landamærum ríkja og einhverjir eru taldir ógna öryggi ríkjanna (Ahmed, 2020).

Allt frá 1990 hafa Evrópusambandslöndin styrkt landamæri sín með nýjum reglugerðum og með því að víkka út umsvif sín. Það er gert með því að fá nágrannalönd til liðs við sig í því að halda fólksflutningum í skefjum. Löndum eins og Tyrklandi og Marokkó er greitt fyrir að styrkja varnir sínar til að aftra flótta til Evrópu úr suðri (Üstübeci og İçduygu, 2019). Þessar varnir jukust svo enn meira eftir hryðjuverkaárásirnar 11. september 2001 í New York og síðan í London 7. júlí 2005, þegar stríði á hendur hryðjuverkum var lýst yfir.

Varnir eru frá því að vera vægar, eins og vegabréfaeftirlit, yfir í harkalegri aðgerðir eins og byggingu múra og flóttamannabúða sem hafa búið til samfélag þeirra útskúfuðu (Garry, 2013; Üstübeci og İçduygu, 2019). Allt hefur þetta ýtt undir fordóma og hræðslu við það óþekkta sem var ekki langt undan. Ástæða þess að þetta er tíundað hér, er til þess að skoða áhrif þessara viðburða á þær þjóðir sem setja upp varnir nú á dögum og hver sagan er í mjög stuttu máli (Fassin, 2011). Þegar hryðjuverkum var sagt stríð á hendur tók lögregla upp gamla vinnuaðferð sem hefur verið kölluð „Stop and Search“ eða „Stop and Frisk“. Þessi aðferð við að stöðva fólk og spyrja um skilríki eða leita á því ef þannig ber undir á sér gamla sögu en hefur gengið í endurnýjun lífdaga (Moeckli, 2007).

3.2 Of-löggæsla

Of-löggæsla (e. over-policing) vísar til aðstæðna þar sem löggæslustarfsemi, svo sem eftirliti, stöðvun, handtökum og valdbeitingu, er óhóflega beitt í tilteknum samfélögum eða meðal ákveðinna hópa fólks. Þetta hugtak er oft notað í umræðum um löggæsluaðferðir sem ganga lengra en nauðsynlegt þykir til að viðhalda almannaöryggi. Þær leiða þess í stað til óhóflegrar og óréttlátrar áherslu á tiltekna einstaklinga eða samfélög. Löggæsluaðferðir sem gagnrýndar eru í þessu samhengi eru Zero Tolerance sem fjallað var um hér að framan og stop and search (Boehme, Cann og Isom, 2022). Stop and search hefur verið notað af lögreglu í tugi ára. Flestar rannsóknir á stop and search koma frá Bandaríkjunum og Bretlandi. Þessi aðferð á sér sögu í öðrum löndum einnig, enda hefur lögregla valdheimild að stöðva þann sem hún álítur grunsamlegan. Þessar stöðvanir geta verið í ýmsum tilgangi og geta lotið að umferðaröryggi, útlendingaeftirliti, rannsóknnum eða almannaöryggi (Schclarek Mulinari og Keskinen, 2022).

Í raun snýr þetta ekki að þeirri lagalegu hlið eða valdheimild sem lögreglan hefur, heldur að því hvernig þessu valdi er beitt. Eins og áður segir gekk stop and search í endurnýjun lífdaga eftir að stríði var lýst yfir gegn hryðjuverkum, eftir hryðjuverkaárásirnar í Bandaríkjunum og Evrópu í byrjun fyrsta áratugar tuttugustu og fyrstu aldarinnar (Post, 2010). Með auknu eftirliti vegna hryðjuverka og notkun stop and search hefur í rannsóknnum í afbrotufræði verið bent á að þetta gæti verið

áhyggjuefni þar sem þessum aðferðum gæti verið misbeitt. Aðrir hafa bent á að það sé verið að hervæða lögregluna (Sausdal, 2021). Hvað sem því líður þá er mikil gagnrýni á þessa heimild lögreglu, hvernig hún er notuð og hvernig þessar stöðvanir eru skráðar hjá lögreglu. Þessi aðferð bandarískrar lögreglu sem byggist á Broken Window Theory og Zero Tolerance hefur einnig náð fótfestu í Evrópu (Shridhar, 2006). Nú hefur kastljósinu verið beint að afleiðingum stop and search í Evrópu og Skandinavíu síðustu ár (Pol.Stops, 2022).

Sú vakning sem átti sér stað þegar morðið á George Floyd, sem myrtur var af lögreglu í Minnesota í Bandaríkjunum 2020, hratt af stað hreyfingunni Black Lives Matter. Hreyfingin ýtti undir rannsóknir á valdbeitingu lögreglu. Með þessari hreyfingu voru það ekki einungis minnihlutahópar sem mótmæltu aðgerðum lögreglu heldur tóku ráðandi hópar einnig þátt í því og þess vegna varð þessi hreyfing máttugri en hún hefði kannski annars orðið. Frásagnir af óréttlætinu sem minnihlutahópar verða fyrir af hendi lögreglu fór sem eldur í sinu um allan heim (Boylstein, 2018). Eftir þessi mótmæli hafa verið háværar raddir í Bandaríkjunum um að skerða styrki til lögreglunnar eða afnema þá með öllu. Talið er að lögreglan sé upptekin af smáglæpum og beiti harðræði þegar kemur að svörtum einstaklingum og minnihlutahópum í samfélaginu (Lewis og Usmani, 2022).

Í Evrópu og Skandinavíu varð einnig vakning, því fyrir um fjórum árum var hrundið af stað verkefni sem felst í því að skoða vinnuaðferðir lögreglu, þá sérstaklega stop and search, og hvaða afleiðingar þær hafa. Verkefnið heitir Pol.Stop og er samvinnuverkefni rannsakanda og lögreglu í rúmlega tuttugu löndum. Verkefninu er ætlað að bera saman vinnulag og áhrif stop and search sem bitnar einna helst á þjóðernisminnihlutahópum og ungu fólki (Pol.Stop, 2022). Rannsóknir sýna að stop and search notast við kynþáttamörkun (e. racial profiling) sem verður til þess að lögregla stöðvar frekar einn kynþátt en annan.

Lögreglan hefur vissulega valdheimild til þess að stöðva fólk ef grunur er um eitthvað glæpsamlegt. Stop and search átti að vera leið til þess að sporna við glæpum en rannsóknir hafa sýnt að þessi aðferð hefur ekki haft tilætluð áhrif (Tiratelli, Quinton og Bradford, 2018). Hún hefur í för með sér mismunun og hefur áhrif á traust til lögreglu. Rannsóknir á stop and search hafa einnig sýnt fram á að þessar aðferðir og mismunun af hendi lögreglu bendi til þess að stofnanarasismi geti átt þar hlut að máli.

Það sé ekki einungis um að ræða vantraust á lögreglunni heldur á réttarkerfinu í heild sinni (Carpan, 2022). Upplifi fólk kerfislægan rasisma eða mismunun finnst því kerfið í heild sinni vanhæft. Þar sem lögreglan er í raun hinn sýnilegi armur réttarkerfisins verður hún mest vör við vantraustið sem ríkir ef fólk missir trú á réttarkerfinu (Han o.fl., 2020).

Rannsóknir, sem voru gerðar í Skandinavíu í samvinnu við Pol.Stops verkefnið, sýndu fram á að þessar aðferðir lögreglu með of-löggæslu (over-policing) grafa undan trausti til lögreglunnar hjá minnihlutahópum. Þegar fólk sem tilheyrir minnihlutahópum er stöðvað, það beðið um skilríki og jafnvel leitað á því, án sýnilegrar ástæðu, hefur það þau áhrif að fólk finnst það ekki tilheyrja samfélaginu. Réttlát málsmeðferð (e. procedural justice) skiptir mestu máli í samskiptum lögreglu og minnihlutahópa. Það kemur til vegna þess að það eru tengsl milli þess að vera stöðvaður og spurður um skilríki og réttlátrar málsmeðferðar. Þeir sem eru stöðvaðir upplifa að það sé efast um að viðkomandi tilheyrir samfélaginu (Saarikkomäki o.fl., 2021).

Með kynþáttamarkaðri löggæslu er hættu á að glæpavæða hópa, sem hindrar þá í að finnst þeir hluti af samfélaginu. Það er sammerkt með Norðurlöndunum að lögreglan endurspeglar ráðandi hópa samfélagsins sem er hvítur og hefur þar af leiðandi þau áhrif að gjörðir þeirra virðast túlka viðhorf ráðandi hópa til minnihlutahópa. Þótt hvítleiki hafi tengst því að vera Evrópubúi er það eins hjá Norðurlöndunum og öðrum hlutum Evrópu að sumir virðast hvítari en aðrir. Mið- og Austur-Evrópubúar virðast ekki eins hvítir og aðrir í álfunni (Schclarek og Keskinen, 2022). Þeir sem upplifa sig ekki sem hluta af ráðandi hópi verða viðkvæmari fyrir áreiti og framkomu þeirra sem eru fulltrúar ráðandi hópsins eins og lögreglunnar. Ef upplifun samskipta við lögreglu virðist einkennast af virðingarleysi og/eða fordómum getur það leitt af sér kulnun viðkomandi gagnvart samfélaginu og andfélagslega afstöðu til þess (Mandon, Murphy og Sargeant, 2017).

Útilokun og fordómar flokkast undir ofbeldi og það gerir örareiti (micro-aggression) einnig. Örareiti gæti kallast duldir fordómar sem koma fram ómeðvitað eða óviljandi í orðum eða gjörðum. Þeir sem fyrir þessu verða upplifa sig utangarðs eða beinlínis ósýnilega. Þetta geta verið svokallaðir „litlir hlutir“ svo sem athugasemdir eða líkamsburður. Allt safnast þetta saman og getur valdið andlegri vanlíðan, verulegu álagi, reiði og jafnvel þunglyndi (Sue, Capodilupo og Holder, 2008). Rannsóknir á

Norðurlöndunum hafa bent á að kynþáttamörkun finnist í vinnubrögðum lögreglu. Þar virðist hvítleiki Norðurlandanna vera einkenni hins ráðandi hóps og myndar þar af leiðandi aðra hópa sem nefnast „hinir“.

Í rannsókn Schclarek Mulinari og Keskinen (2022), sem gerð var í Svíþjóð og Finnlandi, virtist þessi kynþáttamörkun lúta að eftirliti með innflytjendum (e. crimmigration controls system). Lögregla benti á að hún væri þar sem hennar væri þörf; þar sem innflytjendur búa eða safnast saman. Einnig kom fram að það væri líklegra að hvít manneskja væri ekki innflytjandi. Innflytjendur lýstu því að vera stöðvaðir ítrekað í umferðinni og á opinberum stöðum án nokkurrar ástæðu. Þeirra niðurstöður voru þær að þó að mismunun sé bönnuð með lögum í þessum ríkjum, þá virðist vera að fulltrúar ríkisins séu að setja upp ósýnileg landamæri (Schclarek Mulinari og Keskinen, 2022).

3.3 Van-löggæsla

Van-löggæsla (e. under-policing) virðist haldast í hendur við of-löggæslu samkvæmt rannsóknum. Rannsóknir á trausti til lögreglu hafa sýnt að bæði of-löggæsla og van-löggæsla hafa áhrif á traust (Boehme o.fl., 2020). Þar sem of-löggæsla er á vissum hverfum eða svæðum gætir van-löggæslu líka. Van-löggæsla lýsir sér í því að íbúar upplifa vanrækslu af hendi lögreglu sem brotáþolar ofbeldis eða glæpa, fá ekki þá aðstoð sem þeir þurfa og mál þeirra eru lítið sem ekkert rannsökuð (Boylstein, 2018). Rannsóknir frá Bandaríkjunum hafa sýnt að íbúar hverfa sem eru vanrækt af lögreglu bera ekki mikið traust til lögreglunnar. Íbúar eru útsettari fyrir glæpum en kalla ekki til lögreglu ef þarf; reyna frekar að sjá um sín mál sjálfir eða taka lögin í eigin hendur (Boehme o.fl., 2020). Of-löggæsla (over-policing) og van-löggæsla (under-policing) hefur veruleg áhrif á minnihlutahópa sem hafa þá sýn að þeir tilheyri ekki samfélaginu. Þetta lýsir sér í því að kalla ekki til lögreglu. Það getur einnig verið vegna þess að þeir þekkja ekki rétt sinn, eins og fram kom í norskrri rannsókn á hatursglæpum og á vinnu lögreglu í þeim málaflokki. Hatursglæpir eða glæpir framdir vegna fordóma eru alvarlegir vegna þess að þeir senda skilaboð til ákveðinna hópa. Því er mikilvægt að þvílíkir glæpir séu tilkynntir lögreglu svo hægt sé að sýna að þeir séu litnir alvarlegum augum af hendi lögreglunnar (Solhjell og Klatran, 2023).

Í grein Boylestein (2018) tekur hann Belgíu sem dæmi og nefnir þar nokkra hópa sem fá ekki viðeigandi löggæslu. Þar nefnir hann fyrst ferðamenn, stúdentu og Rómafólk sem brotið hefur verið á. Síðan eru það belgískir innflytjendur sem hafa búið lengi í landinu og ákveðið að sjá um sín mál sjálfir. Þetta eru til dæmis Tyrkir og Pakistanar sem komu á árum áður sem innflutt vinnuafli. Að síðustu nefnir hann innflytjendur frá Austur-Evrópu sem lögreglu þykir óþægilegt að eiga samskipti við vegna félagslegrar fjarlægðar. Boylestein (2018) nefnir einnig hópa í öðrum löndum sem fá ekki löggæslu sem skyldi eins og arabískar konur í Ísrael sem verða fyrir heimilisofbeldi, dráp á múslimum á Indlandi og frumbyggja (e. indigenous people) í Bandaríkjunum og Ástralíu (Boylestein, 2018).

Boehme (2020) segir í sinni grein að rannsaka þurfi of-löggæslu og van-löggæslu hvora í sínu lagi en ekki samhangandi eins og verið hefur. Samt sem áður hafa báðar aðferðir veruleg áhrif á samband lögreglu við samfélagið og van-löggæsla hefur ekki síður áhrif á traust til lögreglu (Boehme, o.fl., 2020). Traustleysi kemur til af því að samfélag sem upplifir van-löggæslu finnst lögreglunni mistakast að veita þá vernd sem henni er ætlað. Með of-löggæslu þá er upplifunin sú að lögregla muni valda meira ónæði en þurfa þykir (Oliveira, 2021).

3.4 Kynþáttamörkun

Kynþáttamörkun (e. racial profiling) hefur verið skoðuð frá ýmsum sjónarhornum eins og hverja lögregla stöðvar helst í umferðinni. Rannsóknir hafa þróast með því að skoða hverjir eru helst stöðvaðir í herferðum eins og stríði gegn fíkniefnum, stríði gegn hryðjuverkum og við landamæraeftirlit. Allar þessar rannsóknir hafa sýnt sannfærandi niðurstöður um að kynþáttafordómar finnast í störfum lögreglu í mismunandi samhengi, sem getur verið svæðisbundin og mismunandi eftir ríkjum (Schclarek Mulinari og Keskinen, 2022).

Bandaríkin eru líklega það ríki sem hefur fengið mesta kastljósið síðustu ár eftir að Black Lives Matter fór á flug. Þar sem umræðan hallast að því að banna stop and search, þó að ekki séu allir sammála því. Í grein Carpan (2022), bendir hún á að það þurfi að horfa á afleiðingar aðgerðanna sem beinast að minnihlutahópum og mest gegn svörtu fólki í Bandaríkjunum. Langtíma afleiðingar stop and search hafa orðið til

Þess að fólkið upplifir sig sem annars flokks. Það lýsir niðurlægingu sem þessu fylgir og oft yfirþyrmandi ótta þegar misbeiting valds á sér stað. Þetta verður til þess að þessir hópar treysta ekki ríkinu eða yfirvöldum til þess að fá sanngjarna málsmeðferð, hvorki hjá lögreglu né annars staðar í kerfinu.

Þeirra upplifun er sú að yfirvöld réttlæti stop and search með því að veita ekki refsingar við hæfi þegar lögregla brýtur á minnihlutahópum. Þetta býr til andfélagslegan hóp innan samfélagsins. Þær aðgerðir lögreglu þar sem valdniðsla á sér stað hafa margföldunaráhrif innan þessara hópa. Sögur af atvikum og upplifanir fara milli kynslóða sem víti til varnaðar (Carpan, 2022). Missi fólk trú á réttláta málsmeðferð hefur það veruleg áhrif á traust. Eins og hefur verið tíundað hér áður koma flestar rannsóknir um of-löggæslu og stop and search frá Bandaríkjunum og Bretlandi. Evrópa hefur ekki farið varhluta af þessu kastljósi sem Black Lives Matter kveikti. Óeirðir brutust út í París og Brussel í júní í fyrra þar sem franska lögreglan varð 17 ára svörtum dreng að bana (Tamizer, 2023). Þess má geta að samstöðu fjöldafundir með Black Lives Matter hreyfingunni voru haldnir í Reykjavík, á Akureyri og á Ísafirði (Alexander Elliot, 2020).

Aðferðir lögreglu við stop and search hafa verið gagnrýndar í Evrópu og mikil umræða sprottið um þær og hvernig þeim er beitt (PolStop, 2022). Í rannsókn Kath Murry á stop and search í Skotlandi frá 2014, nefnir hún tvær aðferðir stop and search. Gagnvirka aðferð þar sem lögregla stöðvar einhvern vegna grunsamlegrar hegðunar með það að leiðarljósi að finna sönnun þess. Síðan fyrirbyggjandi aðgerð sem felst í að koma í veg fyrir brot og halda uppi lögum og reglu. Seinni aðferðin gæti einnig flokkast undir það sem gæti kallast valdakúltúr (e. culture of control) sem miðar að því að sigta út þá sem gætu mögulega verið hættulegir (Murry, 2014). Þessar aðferðir hafa samt sem áður neikvæðar afleiðingar á samfélagið og draga úr trausti til lögreglu. Þar sem herjað er á minnihlutahópa og einnig ungt fólk (Pol.Stop, 2022).

3.5 Traust til lögreglu

Traust skiptir verulegu máli fyrir lögreglu. Hennar starf er að vinna með og fyrir samfélagið. Til þess að fólk leiti til lögreglu ef brotið er á því og einnig ef það verður vitni að afbroti, þarf að ríkja traust til lögreglunnar um réttláta meðferð mála (Hawdon,

2008). Of-löggæsla (e. over-policing) og aðgerðir sem fylgja henni, eins og stop and search og kynþáttamörkun (e. racial profiling), hafa veruleg áhrif á traust til lögreglunnar. Rannsóknir á trausti innflytjenda til lögreglu sýna fleiri þætti sem geta haft áhrif á traust þeirra til lögreglu.

Í Ástralíu, þar sem þrjátíu prósent íbúa eru innflytjendur, kom fram að innflytjendur treysta ekki lögreglu. Sem þolendur ofbeldis eða afbrota kalla þeir sjaldnast til lögreglu. Þetta getur komið til af því að traust til lögreglu og yfirvalda í þeirra heimalandi var ekki til staðar (Murphy og Mazerolle, 2018). Fleiri rannsóknir í Bandaríkjunum og Evrópu hafa leitt til sömu niðurstöðu. Einnig að hópar innflytjenda treysta ekki réttarkerfum þ.e. að þau fái réttláta meðferð mála hjá lögreglu eða hjá réttarkerfinu heilt yfir. Þess vegna kalla þau ekki til lögreglu ef brotið er á þeim eða þau verða vitni að brotum. Þetta gerir lögreglu erfitt fyrir þar sem traust til hennar er ekki fyrir hendi (Van Craen og Skogan, 2015).

Þar sem innflytjendur eru í minnihluta getur viðhorf ráðandi hópa í samfélaginu einnig haft veruleg áhrif. Bág efnahagsleg staða og erfið aðlögun að gístillandinu getur haft áhrif á traust til ráðandi hópa. Þá kemur einnig til persónuleg reynsla af samskiptum við lögreglu, því eins og nefnt hefur verið hér áður, þá berast sögur af neikvæðri reynslu mun víðar en þær jákvæðu. Þar sem þessir hópar eru oftast í verri efnahagslegri stöðu og oft berskjaldaðri fyrir því að vera þolendur ofbeldis eða glæpa skipti máli að lögregla geti nálgast þá og áunnið sér traust þeirra (Han o.fl., 2020).

Lögreglan speglar ráðandi hópa samfélagsins og ráðandi hópar bera meira traust til lögreglunnar en minnihlutahópar. Könnun sem gerð var af Evrópustofnun grundvallarmannréttinda (e. European Union Agency for Fundamental Rights) benti á að lögregla í Evrópu og Skandinavíu stöðvar frekar minnihlutahópa eftir þjóðerni og notast við kynþáttamörkun. Lögregla kemur fram af vanvirðingu við þessa hópa oftar en í samskiptum við ráðandi hópa. Vantraust þessara hópa getur stafað af veikri stöðu þeirra og því að þau eru útsettari fyrir því að vera þolendur glæpa. Þeim finnst lögreglan ekki veita þeim það öryggi sem þau þurfa (Kaariainen og Niemi, 2014).

Traust til lögreglu á Norðurlöndunum er í raun hátt og getur það stafað af ýmsu, t.d. háu menntunarstigi lögreglu. Löndin eru með sterkt velferðarkerfi sem veitir fólki meiri vernd. Fjöldi innflytjenda er töluvert minni þar en í Bandaríkjunum og Bretlandi en hann hefur aukist síðustu árin. Það gerir lögreglu erfiðara fyrir þar sem hún var von

að vinna með og fyrir frekar einsleitt samfélag sem bar fullt traust til lögreglu (Saarikkomäki, 2021).

Íslenska lögreglan hefur notið mikils trausts í gegnum árin. Á síðustu árum hefur traustið þó dalað samkvæmt könnunum gerðum af Félagsvísindastofnun fyrir Ríkislögreglustjóra og hjá Gallup. Í könnun Félagsvísindastofnunar frá 2021 kemur fram að yngra fólk treystir lögreglu minna en áður og gæti það verið vegna áhrifa af Black Lives Matter hreyfingunni. Ungt fólk virðist taka meiri afstöðu til kynþáttamismununar og gæti þetta verið vegna áhrifa af fréttáflutningi (Margrét Valdimarsdóttir, 2021; Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir, 2021). Samkvæmt síðustu könnun Gallup frá febrúar 2023 fer traust til lögreglu minnkandi. Traustið stendur nú í sextíu og níu prósentum. Það hefur lækkað um níu prósentustig frá síðustu mælingum og ekki verið lægra síðan árið 2005 (Gallup 2023).

Eins og áður hefur verið minnst á er traust milli lögreglu og samfélagsins mikilvægt fyrir störf lögreglu. Traust innflytjenda til lögreglu á Íslandi hefur ekki verið mikið rannsakað. Það hefur verið erfitt fyrir lögreglu að ná til innflytjenda. Allt frá því 2016 hefur lögreglan verið að reyna að ná til þessara hópa. Það ár var sett á laggirnar verkefni til þess að ná til innflytjenda. Í því verkefni kom fram að vegna reynslu sinnar af lögreglu í heimalandinu myndu innflytjendur ekki hafa samband við lögreglu, heldur reyna að forðast hana (Kristín Sigurðardóttir, 2016). Verkefnið skilaði árangri þar sem innflytjendur fengu aðra sýn á lögregluna. Eyrún Eypórsdóttir lektor við Háskólann á Akureyri fór fyrir verkefninu. Hún sagði það mikilvægt þar sem lögreglan endurspeglir ekki samfélagið. Innflytjendur hafi oft á tíðum neikvæða sýn á lögregluna vegna spillingar yfirvalda í heimalandinu. Mikilvægt sé fyrir lögregluna að ná til þessa hóps (Erla Björg Gunnarsdóttir, 2017).

Í greiningarskýrslu Ríkislögreglustjóra frá 2019, lýsir lögregla áhyggjum sínum af þeim áskorunum sem fylgja fjölgun innflytjenda hér á landi. Það lýsi sér meðal annars í því að hafa ekki greiðan aðgang að samfélögum innflytjenda. Þar komi til kröfur um tungumálakunnáttu og menningarlæsi. Einnig er vísað í stöðuna á öðrum Norðurlöndum þar sem aðlögun innflytjenda hafi mistekist og ekki verið í samræmi við vonir og yfirlýsta stefnu stjórnvalda. Bent er á að Ísland fylgi öðrum Norðurlöndum í félagslegu, menningarlegu, efnahagslegu, pólitísku, lagalegu og sögulegu tilliti. Breytingar á þessum sviðum hjá þeim eigi sér samsvörun á Íslandi síðar. Lýst er yfir

áhyggjum af lítilli félagslegri blöndun. Eigi hún sér ekki stað í meira mæli, þá má búast við því að félagslega einangruð samfélög innflytjenda myndist í ákveðnum hverfum og bæjarfélögum (Ríkislögreglustjóri, 2019).

4 Aðferðafræði

Þessi rannsókn byggist á aðferðafræði sem nefnist eigindlegar rannsóknaraðferðir. Þá er lögð áhersla á að fá upplýsingar um upplifun fólks á sínu lífi í ákveðnum aðstæðum á sem beinastan hátt. Aðferðin felur í sér að tekin eru hálfopin viðtöl (e. in-depth interview) sem gefa þátttakendum tækifæri til að tjá sig opið og frjálsglega um upplifun sína. Í greiningu viðtalanna felst opin kóðun (e. open coding) gagna sem síðan er greind í markvissa kóðun (e. focused coding) sem leiðir af sér þemu sem borin eru saman við fyrirbyggjandi gögn og skapa ný gögn í leit að svári við rannsóknarspurningunum (Hennink, Hutter og Bailey, 2019, bls. 30). Til þess að rýna í upplifun viðmælenda og fyrirfram ákveðnar hugmyndir af stöðunni var notuð grunduð kenning (e. Grounded theory) að hætti Charmaz (2014). Hún lagði áherslu á skoðanir, tilfinningar, ályktanir og hugmyndafræði viðmælenda. Með því að opna gögnin vel og túlka það sem viðmælendur eru að segja, með tengingu við fræðin, er hægt að átta sig á hvað felst í upplifun viðmælenda; hvernig þeirra tengslanet, aðstæður, sambönd, samskipti, tækifæri og staða í samfélaginu hafa áhrif á upplifun þeirra. Einnig hver staða rannsakanda er gagnvart viðmælendum og mögulegum áhrifum hennar (Creswell og Poth, 2016, bls. 86). Áhersla er á að greina gögnin á sama tíma og þeirra er aflað með því að nota greiningarblöð og fá þannig tilfinningu fyrir reynslu viðmælenda og ferli þess sem verið er að greina. (Charmaz, 2014, bls. 15).

4.1 Úrtak

Úrtaksaðferðin sem var notuð við val á þátttakendum, nefnist snjóboltaúrtak (e. snowball sampling) einnig kallað veltiúrtak. Snjóboltaúrtak þykir henta vel í viðkvæmum málefnum og í viðkvæmum hópum, sem erfitt getur verið að nálgast (Hennink o.fl., 2019, bls. 330). Var því upplagt að notað þessa aðferð, þar sem verið var að leita að sérstökum hópi. Í þessu tilfalli innflytjendum og reynslu þeirra af lögreglu. Snjóboltaúrtak fer þannig fram að fyrst er talað við einn viðmælenda og hann er beðinn um að benda á annan viðmælenda. Eykur það traust þeirra sem taka þátt, á rannsakanda og verkefninu, þar sem beiðni um þátttöku og útskýring á rannsókninni kemur úr þeirra eigin tengslaneti (Hennink o.fl., 2019, bls. 104). Val á þátttakendum var á þá leið, að samband var haft við fyrsta viðmælenda í gegnum kunningsskap

rannsakanda við einn úr fjölskyldu hans. Komið var á samskiptum í gegnum samfélagsmiðilinn Facebook eftir að viðmælandinn samþykkti þátttöku. Fyrsti viðmælandi benti svo á annan, sem kom með enn einn viðmælanda. Fjórða viðmælanda rakst rannsakandi á úti á götu og þar sem hann kannaðist við fyrsta viðmælanda samþykkti hann þátttöku. Fimmti viðmælandinn var í vinnu á veitingarhúsi sem er í eigu vinar rannsakanda og þannig komust tengsl á. Síðustu tveir viðmælendurnir fengust með fyrirspurn fimmta viðmælanda í sínum vinarhópi. Það var með eindæmum erfitt að nálgast þennan hóp og snjóboltaúrtakið dálítið hlykkjótt. Öll samskipti við viðmælendur varðandi stund og stað viðtala, fyrir utan viðtölin sjálf, fóru fram á samfélagsmiðlinum Facebook.

4.2 Úrvinnsla gagna

Tekin voru viðtöl haustið 2022, við þrjá karla, búsetta á höfuðborgarsvæðinu. Þeir voru frá Albaníu og allir á þrítugsaldri. Eftir að hafa unnið þau viðtöl var sú ákvörðun tekin að tala eingöngu við Albani að þessu sinni. Sögur þeirra voru verulega áhugaverðar og einnig hafði það áhrif að Albanir hafa verið mikið í umræðunni síðustu misseri í fjölmiðlum vegna glæpa (Gabriel Benjamin, 2020; Alma Mjöll Ólafsdóttir, 2021). Síðari viðtölin voru tekin sumarið 2023 við fjóra Albani sem voru á þrítugs og fertugsaldri og ein kona á þrítugsaldri var þar á meðal. Öll búa þau á höfuðborgarsvæðinu. Viðmælendur komu hingað til lands á árunum 2012 til 2017, flest komu fyrst sem ferðamenn og ákváðu í kjölfarið að flytja til landsins. Öllum var gefið dulnefni svo ekki væri hægt að rekja gögnin til þeirra. Viðtölin voru frá þremur korterum upp í rúma klukkustund. Þau voru tekin á mismunandi stöðum, eftir því hvað hentaði viðmælendum best. Eitt viðtalanna var heima hjá viðmælanda, annað á kaffihúsi en hin voru tekin heima hjá rannsakanda. Viðtölin fóru fram á ensku. Viðtalsrammi var hannaður til þess að koma að spurningum, sem þóttu mikilvægar fyrir framgang rannsóknarinnar. Við gerð spurninga var markmiðið að hafa opnar spurningar um það efni sem leitað var eftir. Fyrst almennar spurningar um viðmælanda og hagi hans, síðan var farið í sértækari spurningar sem beindust að reynslu og atburðum úr lífi viðmælanda. (Viðtalsramma má sjá í viðauka 1). Viðtölin voru tekin upp og síðan afrituð orðrétt. Rýnt var í gögnin með greiningarforritinu Atlas, þar sem þau voru

flokkuð eftir þeimum. Fyrst með opinni kóðun (e. open coding) sem fólst í því að rýna í hvert orð og hverja setningu. Þetta var gert til þess að greina og nefna viðfangsefni og umræður sem komu fram í gögnunum, með því er hægt að greina umfjöllunarefni viðmælanda og fá heildarsýn á hvernig þau tengjast rannsóknarefninu (Hennink o.fl., 2019, bls. 218). Greiningin var síðan þrengd í markvissari kóðun (e. focused coding) og fundin samsvörun sem einkenndi gögnin, þar til þemu voru greind. Samsvarandi þemu úr viðtölunum voru notuð til þess að greina upplifun viðmælanda og sjá hvernig svör þeirra komu að rannsóknarspurningunum (Taylor, Bogdan og DeVault, 2016, bls. 181). Í niðurstöðukafla eru tilvísanir í viðtöl viðmælanda sem voru rituð orðrétt. Í tilvísunum koma til styttingar texta, niðurfelling texta er merkt með þrípunktum þar sem það á við. Þátttakendum voru gefin íslensk gælunöfn sem eru eftirfarandi; Addi, Elli, Denni, Gunni, Finni, Halli og Hulda. Í stað þess að íslenska texta viðmælanda og hætta á að rödd þeirra gæti breyst í þýðingu var ákveðið að halda í enska textann úr viðtölunum. Á hinn bóginn er túlkuð meining textans og upplifun viðmælanda á íslensku í þýðingu höfundar rannsóknarinnar.

4.3 Álitamál

Margvísleg álitamál geta komið upp í eiginlegum rannsóknum. Í þessum undangengnu viðtölum var vel farið yfir meðferð og notkun gagna með þátttakendum og skriflegt samþykki fengið hjá öllum aðilum, sem allir voru sjálfráða. (Samþykki þátttöku má sjá í viðauka 2). Nafnleynd var viðhöfð og öðrum persónulegum upplýsingum sem gátu gert þátttakendur þekkjanlega var breytt eða eytt. Hópur innflytjenda er talinn viðkvæmur hópur af siðanefnd háskólanna um vísindarannsóknir (Siðanefnd háskólanna um vísindarannsóknir, e.d.), því var vel gætt að afmáningu greinanlegra einkenna í gögnunum.

5 Niðurstöður

Niðurstöður þessarar rannsóknar eru byggðar á viðtölum við sjö Albani. Þar sem notuð var eigindleg aðferðarfræði, er leitast við að draga fram upplifun þeirra, hvernig þeir lýsa sínum veruleika með eigin orðum. Smæð úrtaksins takmarkar alhæfingargildi niðurstaðna en þær endurspeglar samt sem áður reynsluheim viðmælenda. Með því að draga fram reynslu þeirra sem tóku þátt í rannsókninni er reynt að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum varðandi traust innflytjenda til íslensku lögreglunnar. Hvort innflytjendur treysti lögreglunni hér á landi og hvernig upplifun þeirra hefur verið af lögreglu og löggæslu. Fordómar gagnvart lögreglu voru skoðaðir í ljósi fortíðar viðmælenda, hvort þeir tækju með sér fordóma frá heimalandinu. Að síðustu var athugað hvort viðmælendur fyndu fyrir fordómum af hendi lögreglu og hvort þeim hafi verið mismunað vegna uppruna síns. Tortryggni viðmælenda í garð lögreglu hér á landi kemur til vegna samskipta þeirra við lögregluna sjálfa. Þó að traust til lögreglu sé mikið hjá ráðandi hópum í samfélaginu er ekki þar með sagt að það skili sér til jaðarhópa. Þar sem minnihlutahópar mæta útilokun eða harðneskju í samfélaginu er minna traust til lögreglu (Kaariainen og Niemi, 2014).

Við ítrekaðan lestur og greiningu gagnanna komu fram síendurtekin stef. Þemu sem greind voru og voru áberandi í viðtölunum voru vantraust, örಾರೆiti og misbeiting valds. Það var áberandi í gögnunum að traust til lögreglu var ekki mikið. Það byggði lítið á álitni viðmælenda á lögreglu í heimalandi þeirra. Viðmælendur virtust ekki mjög uppteknir af því, þar sem þeir höfðu aldrei treyst yfirvöldum í sínu heimalandi. Þeir koma frá landi þar sem spilling er mikil og viðhorf þeirra þannig að það hafi alltaf verið svo og muni vera það áfram. Fyrir utan að vera að berjast við spillingu er þar mikið atvinnuleysi, bág heilbrigðisþjónusta og löggæsla, auk slæms menntakerfis (Commentary, 2023).

Albanía hefur verið nefnt sem eitt af spilltustu löndum Evrópu um árabíl. Albanía var einangrað kommúnistaríki undir einræðisstjórn Enver Hoxha frá seinni heimstyrjöldinni fram að hrúni kommúnismans 1989. Upp úr 1991 tekur við lýðræðisflokkur sem hyggst byggja landið upp og hvetur fólk til þess að fjárfesta í uppbyggingu fyrirtækja í landinu. Ponzi pýramída fjárfestingarkerfið reyndist svikamylla og féll 1997. Þetta varð til þess að fólk missti aleiguna og í kjölfar mótmæla varð óöld í landinu. Vopnabúr voru tæmd og glæpaklíkur urðu til sem réðu lögum og

lofum. Ítalía fór inn í landið til þess að stilla til friðar með leyfi öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 1997. Albanía er hvorki í Schengen né Evrópusambandinu sem gerir Albönum erfiðara fyrir að flytjast milli landa. Margir þeirra hafa farið til Ítalíu og Grikklands og þaðan áfram inn í Evrópu (Albanian studies, e.d.).

Umræða um albönsku mafíuna er ekki úr lausu lofti gripin. Í Evrópu er hún oftast í samvinnu við eða vinnur fyrir aðrar mafíur eins og þá ítölsku eða glæpahópa sem fyrir eru í löndunum. Albanska mafían er þekkt fyrir gróft ofbeldi, slóð ofbeldisins má sjá í löndum eins og Bretlandi, Ítalíu, Spáni, Hollandi, Austurríki, Frakklandi, Portúgal, Grikklandi og Litháen. Albanska mafían hefur náð að hasla sér völl í fíkniefnaflutningi, vopnasölu og mansali. Erfitt hefur reynst fyrir lögreglu að nálgast þennan hóp vegna fjölskyldubanda og trúnaðar hópsins (Zhillá og Lamallari, 2018). Það er því ekkert undarlegt að þessi umræða skjóti upp kollinum í fjölmiðlum hér á landi. Í litlu samfélagi er erfitt að vera stimplaður sem glæpamaður. Flestir sem hingað koma vilja vinna og eignast framtíð. Þó það séu einhver rotin epli í körfunni er varhugavert að dæma alla.

Albanir hafa verið mikið í fjölmiðlaumræðunni á Íslandi, tengdir við mafíu og glæpi (Hjálmar Friðriksson, 2021). Viðmælendur segjast finna fyrir því á eigin skinni bæði frá lögreglu og öðrum í samfélaginu. Fram kom í gögnunum að vantraust til innflytjenda virðist oft einkenna framkomu lögreglu, sem leiðir af sér vantraust innflytjenda til lögreglunnar. Þetta komi fram í viðmóti og fordómum úti í samfélaginu. Þessi stimplun að vera glæpamaður veiki traust til þeirra. Þau vita sjálf að það eru einhverjir Albanir á Íslandi í glæpum en benda á að það séu ekki allir Albanir glæpamenn.

5.1 Orðræða og örارةiti

Orðræða fjölmiðla um Albani kom oft upp í viðtölunum og virtist hafa veruleg áhrif á viðmælendurna. Afleiðingar örارةitis mátti sjá og vanlíðan vegna þess að vera sífellt bendlaður við mafíu úti í samfélaginu. Nauðsynlegt þykir að skoða hluta þess sem hefur verið til umræðu í fjölmiðlum síðustu fimm ár. Árið 2019 mátti lesa grein með fyrirsögninni „Sjö hundruð hælisumsóknir Albana“ hjá Andríki eða Vefþjóðviljanum, áhugamannafélagi um kynningar á frjálslýndum stjórnmálahugmyndum. Í þeirri grein er rætt um tilhæfulausar hælisumsóknir og misnotkun á velvild Íslendinga. Albanir

komi frá öruggu ríki og ætli sér að misnota kerfið. Þetta verði til þess að raunverulegir hælisleitendur komist ekki að (Sjö hundruð hælisumsóknir Albana, 2019). Mánuði áður var frétt í DV með fyrirsögn um að upp úr hefði soðið í deilum Albana á Íslandi. Það voru deilur milli tveggja manna sem beittu kylfu og hníf í þeim stimpingum (Ritstjórn DV, 2019). Ekki var mikið rætt um þetta atvik miðað við þau sem á eftir komu. Tæpu ári síðar birtist fyrirsögnin: „Andúð gagnvart Albönum blossar upp í kjölfar hópslagsmála.“ Þar er verið að vísa í svokallað kommentakerfi sem finna má á vefsíðum ýmissa fjölmiðla. Fjölmiðlarnir taka fram að þeir beri enga ábyrgð á því sem kemur fram þar. Þar er meðal annars fjallað um Albani sem berskjaldaðan minnihlutahóp á Íslandi og að frá árinu 2015 hafi borist 763 umsóknir Albana um alþjóðlega vernd en fáir fengið hæli (Gabríel Benjamin, 2020). Í þessu samhengi má nefna að á árunum frá 2015 voru umfjallanir um Albani þannig að hvergi væru fleiri albanskir hælisleitendur en á Íslandi (Arnhildur Hálfánardóttir, 2016). Í umfjöllun í Speglinum (2019) segir frá því að albanska mafían sé í stórsókn um alla Evrópu (Pálmi Jónsson, 2019). Hópárás verður í miðbæ Reykjavíkur 2020, þá segir lögreglan á vefmiðlinum Mbl.is að þetta séu hlutir sem þeir hafi áhyggjur af. Hópar séu að gera sig heimakomna og að þeir horfi til hinna Norðurlandanna, þar sem þetta sé orðið vandamál. Vísað er í grein frá 2019 frá sama miðli, þar er talað um aukna hættu vegna skipulagðrar glæpastarfsemi á Íslandi (Mbl.is, 2019). Skilgreiningu á skipulagðri glæpastarfsemi er að finna í 2. mgr. 175. gr. a. Almennra hegningarlaga. Þar segir: „Með skipulögðum brotasamtökum er átt við félagsskap þriggja eða fleiri manna sem hefur það að megin markmiði, beint eða óbeint í ávinningsskyni, að fremja með skipulegum hætti refsiverðan verknað sem varðar að minnsta kosti 4 ára fangelsi, eða þegar verulegur þáttur í starfseminni felst í því að fremja slíkan verknað“ (Almenn hegningarlög nr. 19/1940). Morð er framið í Rauðagerði árið 2021. Albanskur maður er myrtur og umfjöllunin er með áherslu á skipulagða glæpastarfsemi, þar sem Albanir eru sagðir hafa tögl og hagldir. Það virðist skipta minna máli að önnur þjóðarbrot ásamt Íslendingum eru nefnd í þeim fréttum. Á upplýsingafundi lögreglunnar kemur fram, að fyrir utan einn Íslending, komi að málinu fólk frá Rúmeníu, Spáni, Ítalíu, Portúgal, Eistlandi, Serbíu, Litháen og Hvíta-Rússlandi (Alma Mjöll Ólafsdóttir 2021). Af hverju er áherslan á Albani? Er albönsk mafía á Íslandi? Lögregla telur skipulagða glæpastarfsemi og peningaþvætti í tengslum við eiturfjasölu ástæðu morðsins.

Samkvæmt Fréttablaðinu rannsakar lögreglan hvort morðið hafi verið skipulagt eða jafnvel fyrirskipað (Ritstjórn Heimildin, 2021). Fyrirsagnir koma fram eins og „albanska mafían er mætt og borgin með óvopnaða lögreglu“ (Hjálmar Friðriksson, 2021). Umfjöllun fjölmiðla hefur áhrif á samfélagið og getur haft veruleg áhrif á skoðanir almennings. Fjölmiðlaumræða getur einnig verið tæki til þess að koma skoðunum á framfæri. Skoðunum stjórnvalda og ráðandi hópa í samfélögum. Rannsókn frá Bandaríkjunum (2019), fór yfir tímabilið 1980 til 2017 hjá fimm stærstu dagblöðunum. Niðurstöður voru þær að umræða um innflytjendur væri á neikvæðu nótunum. Umfjallanir um innflytjendur snerust helst um glæpi, uppbot eða handtökur. Flestar umfjallanir leiddu leynt og ljóst að því að menningu landsins, almanna- og fjárhagsöryggi stafaði ógn af innflytjendum (Gonzalez O'Brien, Hurst, Reedy og Collingwood, 2019).

Það sama virðist vera uppi á teningnum hér á landi. Albanir fara ekki varhluta af því að vera allir stimplaðir glæpamenn. Addi talar um mál þar sem Albani er myrtur við heimili sitt og sagt að þetta tengist skipulagðri glæpastarfsemi eða mafíu. Þá segist hann vera nokkuð viss um að það sé ekki mafia á Íslandi. Ef svo væri þá væri hún íslensk. Við erum ekki mafia við erum að reyna að lifa af og hafa tækifæri til þess að vinna og eignast gott líf. En Addi lýsir þessum viðbrögðum við þessu með eigin orðum:

“In my view for talking about how much I know about Albanian, for much I see about Albanian, so much they treat the news about Albanian. Because when happen story you know, one Albanian guy loses the life here in Iceland and they say the Albanian mafia is here... don't have Albanian mafia, this how much I know. Lot of Albanian here, but we are not mafia. If I could call mafia, its Icelandic but their name never come up in the news, because they have connection you know, which we have not and we are not mafia, we are trying just to survive. If I have the chance to have the good work, and to have life you know, I'm going to follow this.”

Adda finnst skrytið að ekki sé hægt að komast að því að það sé ekki albönsk mafia hér þar sem það séu ekki nema kannski um þúsund Albanir á Íslandi. Halli tekur í sama streng um að ekki sé mafia á Íslandi en að það séu albanskir „hermenn“ í vinnu

hjá öðrum hér á Íslandi en þetta sé ekki albönsk mafia sem standi að þessum glæpum. Hann segir svo frá:

“Albanians that are in this mafia thing. They are not mafia they are just soldiers. That are being used from people that are in Iceland. That’s it. And it is a very shame on us that Albanians have to kill each other in another country. “

Honum finnst ömurlegt að samlandar hans komi hingað til lands og drepi hver annan. Hann segir þetta varpa skugga á Albani sem komi hér til að vinna og eiga möguleika á betra lífi. Hann lýsir einnig því áreiti sem hann verður fyrir vegna þessa og að í fyrstu hafi þetta valdið vanlíðan en nú reynir hann að vera á undan að benda á að hann sé Albani og því náttúrulega í mafiunni. Finni segist vita af samlöndum sínum sem koma óorði á aðra sem eru að standa sig. Hann hafði spurt bróður sinn, eftir að hafa hitt einhverja Albani, miður góða að hans mati, hvort þjóð þeirra væri virkilega svona. En það er misjafn sauður í mögru fé og Finni tekur það fram að það séu einhverjir misjafnir en hingað komi gott fólk líka.

“But some of them are just putting a bad reputation to us. The most laziest people come here, like even for me, I am surprised how. I asked my brother are we really like this? As people, as Albanians? I have just been in the city and in the school, so it is different. All of us are positive and everything, but when I met them here, I was just wow! Where does this people come from? Albanians, are we really like this? Not the best people, not the best Albanians come here. I can say that is a fact. But a lot of good people like me and my brother and father and some that have done very good and have companies. They just stay away from this. They don’t want troubles, so they just stay away.”

Umræðan veldur því að allir eru dæmdir og að þetta gerist hvar sem er. Addi lýsti yfir undrun sinni þegar gamall maður kemur að honum þar sem hann er að steypa kant og maðurinn spyr hann hvaðan hann sé og um leið og það er komið í ljós þá segir

„gamli“ já, í albönsku mafíunni. Addi segir rasisma hér á landi, þó það sé aldrei talað um það. Addi lýsir atviki svona:

“... just because it is racism here, but people do not say it. I was working with my friend. We were doing the „kantur” some wall. Some „gamli” ... Stopped to see what we were doing. I was totally dirty and working on my knees, and this one is saying hæ, being Icelandic, and I say hæ, just to be nice because he is maybe seventy, eighty years old. He asked me are you working, and I look and say yes, I’m working and he asking where are you from? I say Albania. Yeah, Albanian mafia. I was on my knees, and I say look in Albanian mafia I would not be doing this kind of job, on my knees.”

Addi vildi meina að þessi ummæli mannsins séu spröttin frá umfjöllun í fjölmiðlum. Denni og Elli samsinntu því að fjölmiðlaumræðan hefði áhrif. Þeir skildu það að vissu leyti, þar sem margt hefur gengið á og Albanir komið við sögu í glæpum ásamt fleiri þjóðarbrotum. Þeir reyna að slá á léttu strengi, þó það sé alvarleiki sem búi að baki þessum ummælum Ella:

“... they all believe that after the reporting news over the last years. We are either a drug dealer or a killer or stealing something... hehehe... I don’t know. Because we don’t have such a nice history here, do we? Hehehe... The last two people that have died are Albanians. You know, they have the right to do this.”

Þeir skilja þessa umræður og að fólk bregðist við með hræðslu og fordómum. Því miðað við umfjöllun síðustu ára eru þeir eiturfjasalar, morðingjar, þjófur eða eitthvað... Denni bætir við:

“Yes, because some of us are troublemakers as you see on television, but that is not me. Like I’m saying, some Icelanders are criminals, but it

doesn't mean they are all criminals, you know what I mean? Not all of us do crimes and stuff, you have normal guys working all the time."

Það sem Denni bendir á er að einhverjir Albanir eru til vandræða eins og sjá má í sjónvarpi en það sé ekki hann. Hann haldi ekki að allir Íslendingar séu glæpamenn þó einhverjir séu það. Hann bendir á að það sé líka til venjulegt fólk sem er albanskt. Hér séu „normal“ gaurar sem eru alltaf að vinna.

Eins og fram hefur komið eru 341 einstaklingar með Albaníu skráða sem fæðingarland á Íslandi 1. janúar 2023 (Hagstofan, e.d.) Samfélag Albana er ekki stórt á Íslandi samkvæmt þessum tölum. Halli og Hulda voru viss um að það væru fleiri Albanir á Íslandi. Halli hélt því fram að þeir væru um tvö þúsund. Margir væru með vegabréf frá Grikklandi eða Ítalíu og skráðir samkvæmt þeim. Hulda sagði þá allavega sex hundruð því það væri fjöldinn á Facebook síðu Albana á Íslandi. Líklega er albanska samfélagið stærra en við höldum og tölur segja til um. Vitneskja um albönsku mafíuna og hvernig hún dreifir sér er líklega inni á borði hjá lögreglu. Þessi lögreglu stopp gætu verið afleiðingar af þeirri orðræðu sem fer af Albönnum eða einhvers konar landamæraeftirlit.

5.2 Aðlögun

Það er erfitt að aðlagast nýju samfélagi og það tekur á að reyna að koma sér inn í samfélag þar sem orðræða fjölmiðla er þér í óhag. Fjölmiðlaumræða smitar út frá sér og neikvæð umræða um Albani hefur haft áhrif á þá Albani sem hér er rætt við. Þau segjast ekki eingöngu verða fyrir áreiti og fordómum úti í samfélaginu heldur finni þau fyrir því hjá lögreglu líka. Að verða fyrir sífelldu áreiti getur valdið streitu og jafnvel þunglyndi. Þó að viðmælendur taki þessu áreiti með skilningi og leiði hjá sér þau óþægindi sem þeir verða fyrir, þá holar dropinn steininn. Það reynist minnihlutahópum eins og innflytjendum erfitt að þurfa að taka örareiti sem sjálfsgöðum hlut í lífi sínu. Það veldur streitu og vanlíðan að upplifa það að verða ekki hluti af samfélaginu sem getur leitt af sér hóp sem verður á endanum andfélagslegur (Sue, Capodilupo og Holder, 2008).

Allir þátttakendur minntust á að það sé misjafn sauður í mörgu fé og að það væri gott og slæmt fólk í lögreglunni. Þeim fannst vanta samvinnu og samtal til að efla traust innflytjenda á lögreglu. Að verða fyrir öráreiði (e. microaggression) og duldem fordómum hefur í för með sér vanlíðan og vonleysi eins og þessi orð Adda lýsa ágætlega um samskipti hans við lögregluna:

"...Treat me like a person. I'm no different. I'm not black, I'm not white. I am a normal human being, and why they see me like something worthless... I'm doing everything in the right way. I am not stealing, I am not killing, I am not doing anything, you know, I am just trying to have a life and they make my life difficult. It's just not fair. He is being paid from our taxes he should serve the community, right?"

Addi er hér að lýsa vonleysi sínu vegna þess að honum finnst hann ekki hluti af samfélaginu því hann sé öðruvísi og einskis virði. Hann sé ekki að gera neitt af sér, hann sé að gera allt eins og á að gera. Hann nefnir einnig að hann sé að greiða skatta og því ætti að koma fram við hann eins og aðra í samfélaginu. Þessi skoðun kom einnig fram hjá hinum viðmælendum að þau væru að greiða sína skatta og skyldur. Þau eru öll í vinnu, sum í þremur vinnum og aðrir með eigin fyrirtæki. Það fylgir sjaldan sögunni um innflytjendur að þeir fara frá heimalandi sínu vegna bágra aðstæðna og oft með eftirsjá. Þráin um betra líf og tækifæri hafa komið þeim áfram (Seo og Kavakli, 2022). Mismunun á stóran þátt í því að finnast þú vera utan við samfélagið. Hulda segir að hún finni fyrir mismunun án þess að það sé í raun bent á hana. Þetta sé gert með bros á vör og að tilfinningin sé sú að skömmin sé hennar. Hulda hafði þetta að segja um áreiðið sem henni fannst hún verða fyrir þegar hún átti í samskiptum við Útlendingastofnun:

"It's a very, very smiley actually this discrimination so they don't come to you and discriminate straight ahead pointing the finger to you, but they do it in a very smiley and kindly way, so you don't get to know that you are getting discriminated or humiliated. It's always your fault."

Denni lýsir vonleysi og depurð sem hann finni fyrir þegar hann sér hvernig samfélagið og lögreglan kemur fram við innflytjendur:

“Yes, when you see these things and you start thinking about it. You feel low and the rest of... immigrants in this country... and you don't talk about the Icelandic people. Just when you see how society treats you and the police treats you, you feel low.”

Eins og fjallað var um í baksviði rannsóknarinnar, þá er aðlögun mjög mikilvæg og í rannsókn Ómars Hjalta, Þorláks og Markusar (2021) kom fram að bæði Íslendingar og innflytjendur voru sammála því að besta leiðin til aðlögunar væri samþættingarstefna (e. integration). Samþætting felst í því að innflytjendur haldi í sínar hefðir en sækist á sama tíma eftir aðlögun við aðra hópa samfélagsins. Það verður því að gera þessa stefnu aðgengilega. Ef það reynist ómögulegt, verður til hópur sem heldur sínum hefðum en vill ekki samskipti við aðra hópa þannig að það verður aðskilnaður (e. separation). Það hafa verið nefndar fjórar stefnur í aðlögun. Þessar tvær en síðan eru til hópar sem halda ekki í sínar hefðir en vilja tengjast þeim sem fyrir eru og taka upp þeirra hefðir sem væri þá aðlögunarstefna (e. assimilation). Fjórði hópurinn sem heldur ekki í eigin hefðir og aðlagast ekki er nefndur jaðarhópur (Böhn, 2008). Viðmælendur virðast aðhyllast samþættingarstefnu og gera sér grein fyrir að þeir þurfi að aðlagast. Það skipti máli að læra íslensku og sum þeirra eru að læra en gengur hægt því þau eru að læra af þeim sem þau vinna með. Þegar spurt er um hvort þeim finnist þau tilheyra samfélaginu, finnst þeim aðlögun ganga seint og að þau fái útlendingastimpilinn alls staðar í heiminum og einnig í heimalandinu.

“That is what most foreigner „útlendingar” feel like, but that is our fault as well yeah. You have to learn the language. You have been living eight years here. Speak it well so you can be more welcome. Of course, you have a little bit barrier, but it is not all because of them. But if you really want to come in society you have to try. They are not going to come to your side. I have a few good people a few Icelandic friends.”

Finni heldur hér fram að það þurfi að læra málið til þess að losna undan útlendingastimplinum. Þó hann eigi fáa en góða íslenska vini, finnur hann fyrir því núna að fordómar séu að aukast. Hann hefur spilað fótbolta til margra ára með innflytjendum á mótí Íslendingum og nú sé viðhorfið að breytast. Það séu ungir íslenskir menn eða um tvítugt að byrja að spila með þeim og þeir séu mjög fordómafullir í garð útlendinga.

“But in football I have seen it, because I play most with foreigners against Icelanders a few younger I get a little bit surprised. Before it was not like this but now lately, they have been coming very racist. I never felt that before like and they are young and I’m very surprised.”

Elli segir það auðveldara að verða hluti af samfélaginu ef þú þekkir einhvern eða átt vini en það verði sífellt erfiðara að brjóta ísinn eftir þá orðræðu sem er höfð um Albani. Það skipti ekki máli þótt þú hafir vegabréf og alla pappíra. Það verður alltaf horft á þig sem útlending. Hann segir svo frá:

“Then is much more easier, you know. But then you said do you feel a part of society. You know, you always even if you live hundred years you always be a foreigner. It is that doesn’t matter. I don’t know how to express myself but even you get Icelandic passport you have like hundred percent rights those are which is let’s say in books, but above that you are still going to be looked different in any way even if you get job... It is not just in Iceland it is anywhere.”

Elli heldur áfram og segir stöðuna hafa verið eins í öllum öðrum löndum sem hann hefur búið í. Hann nefnir dæmi frá Þýskalandi þar sem hann var alltaf kallaður „útlendingur“

“We have lived in many foreign countries, so we are used to it. In Germany they always say „Auslander“, so you are always going to be a foreigner.”

Að vera í sífellu kallaður útlendingur flokkast sem örಾರೆiti. Enda hefur orðið útlendingur fengið neikvæða merkingu eftir að innflytjendum fór að fjölga. Ekki er óalgengt að innflytjendur séu kallaðir „helvítis útlendingar“ (Sunna Karen Sigþórsdóttir, 2015). Verði fólk fyrir örಾರೆiti leiðir það til vanlíðan, vanmáttarkenndar og útilokunar (Birk Haller, Kolind, Hunt og Sögaard, 2020).

Flestir viðmælendur höfðu orð á því að vinir þeirra væru einnig farnir frá Albaníu. Eftir langan tíma í burtu væri litið á þau sem útlendinga þar, þó þau eigi eitthvað af fjölskyldu í heimalandinu. Halli segir að þó ekki sé litið á hann sem Íslending hér, þá er hann kallaður Íslendingurinn í Albaníu:

“Actually, I went in Albania after five years... and I was white as milk because I didn't move from here. And they called me Icelandic.”

5.3 Kynþáttamörkun

Af gögnum þessarar rannsóknar má lesa að vantraust ríkir vegna mismununar lögreglu í samskiptum við innflytjendur. Viðmælendum finnst þeim mismunað vegna þjóðernis síns. Hvort það tengist þeirri orðræðu sem áður getur eða einhverju öðru er erfitt að vita. Ef fordómar eru í samfélaginu er ekki ólíklegt að þeir finnist hjá lögreglunni, þar sem lögreglan er hluti af samfélaginu. Þó að viðmælendur vilji treysta lögreglunni og trúna því að oftast sé hún að gera það sem rétt er þá vinna atvik sem benda til mismununar og misbeitingar valds gegn því trausti. Álit þeirra eða vantraust til lögreglu í heimalandinu hafði ekki áhrif að þeirra sögn, heldur viðkynning þeirra við lögreglu hér á landi. Viðmælendur sögðu viðmót lögreglu breytast til hins verra, þegar í ljós kæmi að þeir væru frá Albaníu. Denni lýsir viðbrögðum lögreglu þannig að hún er vingjarnleg í fyrstu en þegar hún hefur litið á pappíra þeirra og séð að þeir eru frá Albaníu þá er öskrað á þá:

“Well at first, they seem pretty nice, you know. Before they look at the papers, they are nice, after they know you are Albanian then change. There has been time, it has been straight away, start to scream or something.”

Þegar kemur að lögreglu þá hafa viðmælendur þá sýn að lögregla mismuni þeim vegna þjóðernis þeirra. Denni lýsir þessu þannig að ef þú er stoppaður í umferðinni og staðfestir að þú sért Albani, þá er bíllinn þinn skoðaður, síðan þarft þú að fara með þeim heim til þín til að sýna þeim vegabréf þitt. Beðið er um að fara inn á heimilið og skoða það. Það er alltaf farið lengra og lengra. Ef þú gerir smávægileg mistök í umferðinni er þér ekki fyrirgefið heldur færð þú sekt um leið. Denni telur að þegar Íslendingar geri smávægileg mistök í umferðinni fáir þeir að sleppa með áminningu, ef þeir biðja fallega um það en það sé ekki í boði fyrir Albani.

"Well in the first moment and you confirm that your Albanian to the police, they are going to check your car, and probably take you to your home so you can show them your passport and then they are going to ask to check your house. They go always deeper and deeper. ... that's what they do, you know. And if they stop you or if you are driving with some small mistake, there are not, they are never going to forgive you. They are going to give you a ticket straight away. I have seen like Islandic people... or when Icelandic people are stopped, you know, if there is a minor and they will say like... please just let me go... and they will let them go but if you are Albanian you are going to pay a ticket or fine for it, you know."

Halli segist vera hættur að fara niður í bæ. Það bjóði aðeins upp á vesen og hann vilji ekki koma sér í þá stöðu. Í um helmingi tilvika hafi honum fundist lögregla hafa verið að misbeita valdi sínu þegar komi að Albönum og öðrum innflytjendum. Þegar lögreglan hefur afskipti af þeim segist hún vera að vinna vinnu sína og ekki sé hægt að neita því. Honum finnst þessi afskipti vera í öðrum tilgangi:

"I forgot when I went downtown just because I cannot allow myself or I put myself some obligations and that's it. And I'm not this guy who spins around or spends around too much time I just work, home, home, work. Then for this cases that I have, forty five percent, of them are most of them making abusing of power. I think not only with Albanians, but if you're talking about Albanians, yes. Because there are black people,

there are some Mexicans and stuff like that. There are some Muslim, with immigrants in general they still are doing it. And sometimes they're like we are doing our job, and you cannot answer any more because yes, they are doing their job. Even though it's not completely correct but yeah."

Addi segir að það sé gott fólk í lögreglunni og slæmt. Honum finnst að þegar lögreglan hefur komist að því að þú sért Albani, þá sem komið fram við þig eins og fíkniefnasala. Þá tekur við spurningaflóð en þér er ekki flett upp í neinu kerfi, sem honum finnst að ætti að gera. Ef þú liggur undir grun um eitthvað glæpsamlegt ætti að taka þig til hliðar. Hann segir svo frá með eigin orðum:

"Like I say some are good and some are bad... I did not come because this is so bad, but I came because normal police. Still, if you say you are Albanian, they check out. Do you work with drugs? What kind of work you do? Where you live? Where is your wife? What is the name of the wife? What is the birth of the wife? Look I have the kids you know, so they ask me this questions that is not normal. Why do you have to ask me that way do you need to know that. You can go into the system and see who my wife is, and you can see what I do, you know. If I am like some suspicious person take me aside."

Hvort um kynþáttamörkun (e racial profiling) er hér að ræða er erfitt að segja. Viðmælendum finnst þessi afskipti lögreglu helst snúa að innflytjendum eins og lýsingar þeirra sýna. Samkvæmt ríkislögreglustjóra má lögreglan ekki flokka mál í lögreglukerfinu eftir húðlit. Því heldur lögreglan ekki sérstaklega utan um þessi mál (Erla María Markúsdóttir, 2022a). Það er ekki einungis hér á landi að þessi mál séu ekki skráð sérstaklega. Það er líka raunin í Evrópu og á öðrum Norðurlöndunum (Pearson og Rowe, 2020). Kynþáttamörkun hefur ekki verið mikið rannsökuð á Norðurlöndunum. Nú þegar innflytjendum fjölgar og fjölmeningarsamfélög finnast á Norðurlöndunum er verið að skoða þetta nánar þar sem þetta getur valdið mjög neikvæðum áhrifum eins og útlökun (e. exclusion) fyrir þá sem fyrir þessu verða (Mulinari og Keskinen, 2022). Ríkislögreglustjóri sagði í viðtali við Kjarnann (2022) að

vegna einsleitni samfélagsins hafi ekki verið áhersla á þessi mál hér en það sé að breytast (Erla María Markúsdóttir, 2022a).

5.4 Vantraust

Eins og hefur verið fjallað um hér að framan hefur van-löggæsla (e. under-policing) neikvæð áhrif á traust til lögreglu eins og of-löggæsla (e. over-policing). Van-löggæsla hefur þau áhrif að þeir hópar sem fyrir þessu verða treysta ekki á að lögregla muni koma til hjálpar. Einnig að mál þeirra muni ekki hljóta réttláta málsmeðferð. Þetta verður til þess að ekki er leitað til lögreglu þegar brotið er á þeim eða þau verða vitni að einhverju glæpsamlegu. Einn viðmælenda lýsir sinni upplifun þegar hann leitar til lögreglu og vonbrigðum með meðferð málsins. Finni segir frá reynslu sinni þegar ráðist er á hann úti á götu af fjórum íslenskum unglingsstrákum:

“Here it happened, like we never fought. I was not vigilant and was attacked by four guys. They were young teenagers. That was so unfair, and I was unconscious and came upstairs. I was bleeding and my brother said, “who beat you up?” I was just terrified and just woke up, how can someone do this, like it’s impossible.”

Finni ákveður að fara til lögreglunnar til þess að kæra árásina, því eins og hann segir, þá hafði hann trú á því að hann fengi réttláta málsmeðferð. Hann sé sjálfur lögfræðimenntaður og hafi trú á kerfinu. Annað kemur í ljós og viðbrögð lögreglu voru honum vonbrigði. Hann segir svo frá:

“But for me it was like I just reflected, I was a little bit drunk, and this is a good lesson for me to be a little bit more careful. And that is it and so I will leave it to the justice, so. I pay taxes, I have been working. I have no issues with the police nothing. Everything with me is clear, you can ask anyone. So, I just leave it with justice. It is in the middle of town with lot of cameras, so they will find it. My phone was broken as well, and it was brand new, you know. A lot of things. And I got damaged a lot. I got a

little disappointed when the police send me back that they could not find it. I found that a little bit like yeah, he is Albanian and the reputation for Albanians is like, they do drugs and everything... So, the reputation is kind of like that here, like if you are Albanian, you do a lot, because a lot are doing... I think the police took it that way. They like, okey he Albanian so maybe he is doing something, because I felt it. I am street smart and been in the streets and I know how it works. If you really want to find this, it is really easy to find. It is middle of town and lot of cameras. It's very easy to find it. I felt like they did not really care about it."

Þetta voru veruleg vonbrigði fyrir Finna. Honum fannst hann ekki geta gert neitt þar sem þessir fordómar voru fyrir hendi og að vissu leyti fannst honum það skiljanlegt þar sem einhverjir Albanir eru röngu megin við lögin. Hann lýsti reiði sinni og vantrú á lögreglunni. Hann taldi að lögreglan hefði ekki unnið í máli hans vegna þess að hann væri Albani í fíkniefnum og íslenskir vinir hans voru honum sammála. Hann hafði á tilfinningunni að lögreglan hefði ekki reynt að leysa málið. Honum fannst skrýtið að ekki væri hægt að finna atvikið á myndavélum og komast að því hverjir voru að verki. Reiði hans kom honum í vond mál þar sem hann í raun sýndi andfélagslega hegðun, sem hann segir einungis hafa bitnað á honum sjálfum. Hann keyrir eftir að hafa drukkið áfengi. Hann gæti gefið skít í kerfið, það væri hvort eð er á móti honum. Hann var tekinn af lögreglu og það fylldi sögunni að þau samskipti hefðu gengið vel. Hann sá mikið eftir þessu og vissi upp á sig skömmina:

"So that is how I feel about this. After that I talked with some Icelandic and they say "oh, look the police is very bad here." I did not have a good friend that said, okey maybe they did not find anything. So, they put this idea on my mind like, the police is very bad. One night I had a party at my place, and I drink, and I drive. I was like fuck it! They did not respect me! I get caught and I lose my driver's license. That is not the police fault it is mine, but this is why it happened... I felt that the police were very over hand on me, because for me it seemed, and I'm pretty sure, that they were not paying attention. I think so and I am pretty sure."

Þegar aðrir viðmælendur voru spurðir að því hvort þeir myndu leita til lögreglu ef eitthvað kæmi upp á voru svör þeirra neikvæð í garð lögreglu. Enginn þeirra hafði trú á því að það hefði eitthvað upp á sig. Reynsla Huldu þegar brotist var inn í bíl hennar var á þá leið að hún hringir til að tilkynna innbrot í bílinn og lögreglan segir henni að hún geti komið og tilkynnt þetta á skrifstofutíma. Hún talaði ekki aftur við lögregluna:

"Somebody got into my car when I was leaving it downtown and I got robbed, I called the police, and the police was like if you want to come and give your declaration, we are open from 8 to 3. And I was are you serious now I am in the car and I have to wait until you get open? Two hours? And I didn't call them back again."

Halli bróðir Huldu var á öðru máli. Hann myndi hringja en einungis vegna þess að hann þyrfti skýrslu frá lögreglunni fyrir tryggingafélagið sitt. Hann væri því tilneyddur að hringja til lögreglu þó hann hefði litla trú á því að hún myndi gera eitthvað í málinu. Hann segist ekki hata lögregluna en honum líki ekki við hana. En miðað við þeirra lögreglu (lögreglu í heimalandinu) myndi hann kalla til lögreglu:

"I have somebody gets into my house and stuff like that I will call them. Not because probably I'm not convinced that they will find the case, but I have a private insurance and if I wanna claim it I need to have the police paper. Look I'm not stupid so it's like I'm gonna do that for that. It's not that I like them, I don't hate them but I don't like them but I'm gonna do it because I'm obligated to. But compared to our police. Yes, I will call them."

Allir viðmælendur voru á þeirri skoðun að þau myndu helst ekki kalla til lögreglu ef eitthvað bjátaði á. Það væri vegna þess að þau treysta henni ekki og reynslan sýni þeim að forðast lögregluna til þess að lenda ekki í vandræðum. Það bendir til þess að þeim finnist þau mæta van-löggæslu og telja að málum þeirra yrðu ekki gerð góð skil. Það er miður að þeim finnist þau ekki getað treyst á sanngjarna málsmeðferð.

5.5 Álit á lögreglu í heimalandinu

Aðspurð að því hvort álit þeirra og upplifun af lögreglunni í heimalandinu hafi áhrif á traust þeirra og viðmót til lögreglu, sögðu allir viðmælendur að svo væri ekki. Þegar rýnt er í gögnin hafa þau aðra sögu að segja. Eins og Halli segir hér að framan að miðað við lögregluna í heimalandinu myndi hann hringja í lögreglu hér. Það kemur fram að vegna spillingar í heimalandinu og reynslu þeirra af lögreglu þar, telja þau líklegt að það sé spilling innan lögreglunnar hér. Þegar Gunni er spurður út í álit sitt á lögreglunni hér á landi segir hann eftirfarandi:

"I know that salary is so low, you know... No, it's the sense, the sense. Like I say I grow up in corruption. Big corruption so you know what is going on. Of course, they are corrupted. Most people what they are haunting for is like drug dealers or weed dealer or what ever you know. Crash some guys and probably they will have some cash on their plate. Like this cash disappear. Hehehe. I think it is the main thing, you know."

Gunni segir: að vegna þess að laun lögreglu eru svo lág hafi hann það á tilfinningunni að það sé spilling innan lögreglunnar hér á landi. Hann hafi alist upp við spillingu og viti því hvað sé um að vera. Þegar lögregla er að eltast við fíkniefnasala sem séu líklega með lausan pening þá geti sá peningur allt eins horfið. Þegar spurt var út í hvað viðmælendur vissu um lögregluna á Íslandi varðandi nám, þá vissu þau lítið um það. Þau sögðu flest að þeim fyndist hún ófagmannleg eða eins og þau orðuðu það „amateur“. Þeim þótti lögreglan mjög ung í aldri og kvenlögregla ætti það til að garga en karllögregluþjónar væru aðeins yfirvegaðri og enn frekar eftir því sem þeir væru eldri.

5.6 Misbeiting valds og ofbeldi

Lögregla hefur vissulega valdheimildir og er treyst fyrir þeim. Í lögreglulögum 1. mgr. 15. gr. segir „Lögreglu er heimilt að hafa afskipti af borgurunum til að halda uppi almannafriði og allsherjarreglu eða koma í veg fyrir yfirvofandi röskun til að gæta öryggis einstaklinga eða almennings eða til að afstýra afbrotum eða stöðva þau.“

(Lögreglulög nr. 90/1996). Hún á að gæta meðalhófs við beitingu þeirra. Þetta eru stjórnþæki sem lögregla þarf að nota þegar hún telur það þurfa. Sé þessu valdi misbeitt getur það haft veruleg áhrif á þann sem verður fyrir valdbeitingunni. Það á ekki einungis við um líkamlegt ofbeldi heldur einnig andlegt. Viðmælendur höfðu þessar sögur að segja varðandi misbeitingu valds af hendi lögreglu. Aðstæður sem þeir lýstu eru að þeir eru ítrekað stöðvaðir í umferðinni af lögreglu án sýnilegrar ástæðu. Útskýringar sem þeir hafa fengið á þessu hjá lögreglu eru að þetta sé „routine check“ eða venjubundið eftirlit. Það kallast einnig routine check þegar lögregla kemur heim til viðmælenda að leita að einhverum aðilum eða einhver hefur hringt til lögreglu og kvartað yfir einhverju eða einhverjum. Þetta venjubundna eftirlit eða routine check lögreglunnar fellur undir það sem annars staðar í heiminum er kallað stop and search. Þessi vinnuaðferð er hluti af of-löggæslu.

Bæði Addi og Denni hafa margoft verið stöðvaðir af lögreglu og ökuskírteini, símar og bílar þeirra skoðaðir. Þeir lýsa þessum routine check stoppum eða reglubundnu eftirliti á eftirfarandi hátt. Addi lýsir því þegar hann er að vinna í bæ utan Reykjavíkur. Eftir vinnu ætlar hann í stuttan bíltúr um bæinn, þá er hann stoppaður af lögreglu. Hann spyr um ástæðu þess og er tjáð að það hafi verið kvartað yfir honum. Hann er beðinn um ökuskírteini og sagt að hann megi ekki keyra á þessu ökuskírteini og þurfi að fá einhvern til að ná í sig og bílinn. Lögreglan lætur hann vita af því hvað hann þurfi að gera varðandi ökuréttindi og honum er bent á að fara til sýslumanns. Addi segir svona frá sinni reynslu:

“For example, one Saturday I was working... After I finish work, I decide to drive to town in staður, and I get stopped by police. I say what’s the reason? Someone complain about you, which is not true, because I was at work, only go for a short drive and I was going to come back. They say ok, can we check your driver’s license. I give mine, and they said you are not allowed to drive, so we are going to give ticket. I said I didn’t know about this kind of rules, they give me a ticket anyway. I said okey, I should go home now because, I live in höfuðborgarsvæðið. They said no way you are going home. Someone other need to drive the car, because of process is like this. I say ok, my wife come and pick up the car. I did not

drive the car. They told me, you should go to sýslumaður and apply for the Icelandic driver license, then you can drive.“

Samkvæmt reglum hér á landi þurfa þeir sem koma frá löndum utan evrópska efnahagssvæðisins að sækja um íslenskt ökuskrteini og taka ökuþróf innan mánaðar eftir að skilyrðum um fasta búsetu er fullnægt (reglugerð um ökuskrteini nr. 830/2011). Þetta eru eðlileg vinnubrögð að sekta fólk og leyfa því ekki að keyra á ökuskrteini sem er ekki gilt hér á landi. Lögreglan útskýrir þetta fyrir Adda og hvað hann eigi að gera í stöðunni. Hann fer og fær pappíra hjá sýslumanni.

Annað á við um Denna, sem hefur fengið íslenskt ökuskrteini, hann er samt sem áður margoft stöðvaður af lögreglu eins og hann segir sjálfur frá. Þegar hann bjó á „staður“ var hann að sögn stoppaður tuttugu og þrisvar sinnum á þremur mánuðum, án sýnilegrar ástæðu. Hann var aldrei sektaður sem gæti bent til þess að hann hafi ekki verið að gera neitt brotlegt. Hann lýsir einu atviki þannig að honum hafi fallist hendur þegar hann sat í bíl sínum á bílastæðinu fyrir utan heimili sitt eitt kvöld. Hann var að skoða síma sinn í bílnum eins og hann gerir oft þegar hann er kominn heim eftir vinnu. Segist vera of latur að hendast strax inn svo hann slakar á í bílnum. Lögreglan kemur til þess að athuga með þennan mann í bílnum eftir að einhver hafði látið vita af því að einhver sæti í kyrrstæðum bíl á stæði. Hann þurfti í framhaldi af því að svara spurningum lögreglu um hvers vegna hann væri þarna. Beðið var um leit í bíl hans og á heimili hans. Hann leyfir leit í bílnum en ekki á heimili sínu segist ekki hafa tíma í þetta. Hann lýsir því yfir að hann hafi kennitölu til fimm ára en samt þurfi hann að sýna skilríki eða vegabréf sitt.

“After work and after dinner, I did like I do every time, I stop at my parking at the house, and I stay there for twenty minutes or so on my phone, because I’m too lazy to get up... and then they come and... somebodies’ car in the street... and I get in the house. They were pretty nice though, and they just asked me questions and they asked to check my car and asked to check my house. And I was like, you can check my car, but I really don’t have time for this. So, you can come up and I can show you

my passport and that is it, you know. I have been with a kennitala for five years, but I still have to show them my passport”.

Að vera stoppaður ítrekað af lögreglu og þurfa að gera grein fyrir gjörðum sínum og að sýna vegabréf gæti flokkast sem áreiti, þegar ekkert brotlegt hefur átt sér stað. Þeir Addi og Denni taka því með ró að vera stöðvaðir ítrekað í umferðinni án ástæðu. Þurfa að sýna skilríki, einnig leyfa leit í bílum og jafnvel sínum. Þetta er orðinn hluti af lífinu eða svo mætti halda. Gunni tekur svona til orða, þegar hann lýsir þessum stöðvunum og þar sem honum finnst bíl sínum rústað og það taki upp undir tvo tíma, þar til þú getur haldið leiðar þinnar:

“You can get stopped sometimes when driving. This routine check when they destroy your car and look for something, that they don’t find, and you have to wait there for two hours until they finish.”

Gunna þótti þetta venjubundna eftirlit þreytandi og óþarft. Það eru ekki allir glæpamenn keyrandi um með byssur og hvaðeina. Eins og hann segir sjálfur frá:

“That is routine stops, you know. I have been stopped. Not everybody is criminal, you know. Nobody is going around driving with guns and things like that.”

Halli og Hulda systir hans lýstu einu atviki á þessa leið, en hún var að sækja um dvalarleyfi og þau vildu gera allt sem til þurfti. Halli var enn staddur erlendis þegar Hulda er stöðvuð af lögreglu á leið heim, til að gera grein fyrir vist sinni hér á landi. Hvernig Halli hafi efni á því að halda henni uppi. Hún þarf að hafa samband við hann og fá hann til þess að sýna lögreglunni bankareikninga sína. Halli lýsir því sem gerist á þessa leið:

“ ... Because they were like how your brother can afford two cars. They will check easily my kennitala, they will see that I’m doing three jobs. I would pay a lot of taxes, but they didn’t care. I did want her to get the

papers and can literally do nothing. I don't say another word. So, they were like the police officers at that time, she was like okay then. It's gonna take us long to verify all these information. Tell your brother to give the bank account so we can just check that. And yes, I was like opening my bank account and give the whole Iban actually not just the regular bank account. So, they can just go through it and see how much I get every month. And after two hours she gets out of it."

Það sem þau upplifa hér er misbeiting valds, því þeim finnst þau í þeirri stöðu að þurfa að opna bankareikninga sína til þess að þóknast lögreglunni. Þeim fannst lögreglan eiga að geta flett upp kennitölu hans og fengið upplýsingar sem þurfti. Minnihlutahópar upplifa sig oftast ekki í veikri stöðu gagnvart yfirvaldi eins og lögreglu. Þarna í þessu tilviki eru kannski tungumálaörðugleikar að gera stöðuna erfiðari en þurfti. Mögulega var þörf á betri útskýringum á því hvað var verið að fara fram á og af hverju.

Þegar spurt var út í hvort þau hefðu einhvern tíma beðið um túlk sögðu þau að það þýddi ekki því túlkarnir sem þau fengu væru frá Kósovó. Það væri þvílíkur munur á mállýskum að þau hreinlega skilja ekki hvert annað.

Annað sem kom fram í viðtali við Adda er alvarlegra, en það er misbeiting valds þar sem eigur eru eyðilagðar og ofbeldi beitt. Eftir að hafði fengið pappíra hjá sýslumanni um að hann mætti keyra var hann stöðvaður af lögreglunni á „staður“ enn og aftur. Hann sýnir þeim pappírana sína og þeir tjá honum að hann þurfi að greiða áttatíu þúsund krónur í sekt, sem hann neitar að skrifa undir. Hann telur þetta ekki rétt og hann vilji ekki skrifa undir eitthvað sem hann skilur ekki. Þá lýsir Addi atvikinu svona:

"...when they give me eighty thousand, I say look, I don't agree with you. I don't sign something, what I don't understand in Icelandic. What you are saying, is not true, because I have rights to drive. The police take the paper like this and do it like this and throw it out of the window, in his car".

Eftir að pappírur Adda var krumpað saman og hent út um gluggann á lögreglubílnum, var honum tjáð að hann mætti ekki keyra og þyrfti að fá einhvern til að ná í sig og bílinn. Eftir að hann útskýrði málin fyrir þeim sem gat komið og sótt hann, sagði sá

maður honum að hreyfa sig ekki, því lögreglan myndi bara taka hann aftur og aftur eins og lögreglan hafði sagt við Adda auk þess að þeir myndu sekta hann, þó það væri rangt:

“...if you drive, we are going to stop you again and again and again and going to put you on ticket even if it might be wrong “.

Það fylgir þessari sögu að Addi fékk lögfræðing til þess að skoða málið og sektin var felld niður. Það gæti bent til þess að lögreglan hafi verið að misbeita valdi sínu að þessu sinni. Önnur frásögn Adda var alvarlegri, þá hafði lögregla komið heim til vina hans þar sem þeir voru að spila Playstation. Lögreglan var að kanna hvort verið væri að selja kannabis í húsinu. Hann hleypti þeim ekki inn þar sem hann bjó ekki á staðnum. Hann sagði lögreglunni að þeir gætu ekki gert hvað sem væri, svo þeir héldu sér til hlés en báðu um símana þeirra. Eftir að hafa farið í gegnum símana þeirra og ekkert fundið, ákveður lögreglan að yfirgefa svæðið. Addi gengur út með þeim þar sem kona hans var komin að ná í hann. Þegar hann ætlar að fara fram hjá lögreglunni fær hann olbogaskot í magann og tjáð að hann megi ekki koma svona nálægt lögreglunni. Hann lýsir undrun sinni á þessu athæfi og segir þetta rasískt. Addi segir svo frá því sem gerist næst:

“... I just wanted to go out and police hit me with this (bendir á olnboga sinn), not so hard you know, on my stomach, but I feel it. I say what are you doing? This is not right you know. They say no, but you should not come close to me. But you were close to me when you checked my phone... beat me so no one could see it, I said you racist, and just this is not right... my wife came out and spoke to them because she was there. I don't know if she sees this part, but it bothered me because I did not expect it from them... it is like when they are leaving, I should be behind them you know, so I cannot pass them “.

Íslensk eiginkona Adda staðfestir þetta og lýsir því að alltaf þegar hún komi að málum, þá breytist viðmót lögreglu og verður miklu vingjarnlegra. Þarna er verið að beita valdi

í formi ofbeldis og það verður til þess að Addi treystir ekki lögreglunni, þar sem hann bjóst alls ekki við því að hún myndi koma svona fram.

Það er lýsandi í þessum frásögnum hér að ofan að þó að viðmælendur maldi í móinn, þá gera þeir ekkert frekar í málunum. Þeir vita sem er, að þeirra mati, að þeir geta ekki leitað til lögreglu og reyna því að komast hjá frekari óþægindum.

6 Samantekt og lokaorð

Í þessari rannsókn var traust albanskra innflytjenda til lögreglu á Íslandi skoðað. Með eiginlegri rannsóknaraðferð voru tekin hálfopin viðtöl við sjö Albani sem búsettir eru hérlendis. Rannsóknaraðferðin gerir kleift að rýna í viðhorf og upplifun þátttakenda. Þar sem þessi hópur Albana var fámennur hefur hann ekki alhæfingargildi en er samt skýr birtingarmynd af upplifun þeirra.

Ritgerðin byrjar á umfjöllun um með hvaða hætti vinnuaðferðir lögreglu hafa verið nýttar til að beita valdi. Í því samhengi voru rannsóknir frá Norðurlöndum og öðrum Evrópulöndum rýndar. Sýnt var fram á að aukinn fjöldi innflytjenda í samfélagi er áskorun fyrir lögreglu og að ýmsir minnihlutahópar telja sig fá verri þjónustu og óhóflega mikla löggæslu miðað við aðra hópa. Í því samhengi hefur verið bent á mikilvægi þess að lögreglan hafi þekkingu á öllu samfélagi sínu, sé undirbúin að sinna löggæslu í fjölbreyttu samfélagi. Sérstaklega hefur fyrirbærið „stop and search“ verið skoðað en það er vinnuaðferð lögreglu sem felst í því að lögregla getur stöðvað hvern þann sem hún telur grunsamlegan á einhvern hátt, spurt um skilríki, skoðað síma og jafnvel leitað í bílum og hýbýlum þeirra. Þessi aðferð hefur verið gagnrýnd því hún virðist beinast helst að minnihlutahópum og að notast sé við kynþáttamörkun (e. racial profiling) í tengslum við hana. Annað sem var horft til í þessu sambandi er of-löggæsla (e. over-policing) sem bendir til þess að það sé ofuráhersla á vissa hópa samfélagsins. Það sem fylgir of-löggæslu er van-löggæsla (e. under-policing) sem bendir til þess að þessir sömu hópar leiti ekki til lögreglu verði þeir þolendur glæpa. Það kemur til vegna skorts á trausti í garð lögreglu og vantrú á að fá réttláta málsmeðferð. Þetta þýðir að þeir hópar sem upplifa of mikla löggæslu, eða eftirlit lögreglu, upplifa einnig að þeir fái litla þjónustu frá lögreglunni.

Í rannsókn þessari var leitast við að svara þeirri rannsóknarspurningu hvort albanskir innflytjendur beri traust til lögreglu. Í gögnunum mátti sjá að traust var ekki mikið til lögreglunnar. Birtingarmyndir þess voru margs konar. Þátttakendur rannsóknarinnar upplifa til dæmis að þeir séu stöðvaðir hlutfallsega oft í svokölluðu venjubundnu eftirliti eða „routine check“ og í þeim stöðvunum sýndi lögreglan oft ókurteisi og dómhörku. Það lýsti sér í því að viðmælendum fannst þeir mæta kynþáttamörkun í venjubundnu eftirliti „routine check“ eins og þau orðuðu það. Það

Þýðir að viðmælendur upplifðu að meira eftirlit væri haft með þeim vegna þess að þeir væru Albanir. Þessum stöðvunum var lýst sem áreiti, sem var síendurtekið. Þessar lýsingar eiga sér samsvörun í erlendum rannsóknum á „stop and search“. Þau fengu engar upplýsingar um hvers vegna þau voru stöðvuð nema að þetta væri venjubundið eftirlit. Þátttakendur voru meðvitaðir um neikvæða sýn almennings á Íslandi í þeirra garð. Umfjöllun um Albani á Íslandi tengist oft en ekki mafústarfsemi og annarri glæpastarfsemi. Þeim var einnig ljóst að neikvætt viðhorf í samfélaginu getur smitað viðhorf lögreglumanna.

Meðal þátttakenda rannsóknarinnar var skýrt að lítið traust var til lögreglu hérlendis. Það kom meðal annars fram með þeim hætti að ekki yrði hringt til lögreglu ef þau yrðu þolendur brota. Trúin á að fá réttláta málsmeðferð var engin. Þetta bendir til þess að þessi hópur telji sig lifa við van-löggæslu. Það er að segja að hópurinn hafi ekki trú á því að lögreglan mundi þjónusta þau með sambærilegum hætti og ráðandi hópa í samfélaginu.

Í frásögnum þátttakenda kom upplifun af van-löggæslu og of-löggæslu skýrt í ljós. Þátttakendur tóku einnig fram að þau töldu aðra hópa innflytjenda hérlendis einnig upplifa það sama. Upplifun fólks, sem tilheyrir minnihlutahópum, af vinnubrögðum lögreglu hefur bein áhrif á traust til lögreglu. Þegar spurt var hvort viðhorf til lögreglu í heimalandinu hefði áhrif á upplifun þeirra af lögreglu hér á landi neituðu þau því en þegar betur var rýnt í gögnin kom fram í orðræðunni að reynsla þeirra af spillingu í heimalandinu hafði vissulega einhver áhrif á viðhorf þeirra.

Í frásögnum þátttakenda kom fram að aðlögun væri erfið og tungumálakunnátta skipti þar miklu máli. Þegar viðmælendur voru inntir eftir því hvað mætti betur fara í samskiptum við lögregluna var samdóma álit þeirra betri samskipti af hendi lögreglu. Minnihlutahópar hafa veika stöðu í samfélaginu og það hefur áhrif á samskipti við yfirvald eins og lögregluna. Innflytjendur sem upplifa sig til dæmis jaðarsetta, eins og fram kom meðal annars í frásögnum þátttakenda, og þekkja illa til reglna samfélagsins geta mistúlkað samskipti lögreglu sér í óhag. Í frásögnum voru dæmi um upplifun af lögreglumönnum sem sýndu slæm samskipti og dómhörku en einnig lögreglumönnum sem voru hjálplegir og leiðbeinandi. Út frá því drógu þátttakendurnir þá ályktun að skýrari, kurteisari og betri samskipti lögreglumannanna á vettvangi gætu skipt sköpum

um upplifun Albananna. Mikilvægt væri að stöðvun (routine check) væri útskýrð vandlega.

Lögreglan hefur vissulega valdheimild til þess að stöðva fólk hafi hún grun um eitthvað grunsamlegt. Lögreglan þarf samt að gæta meðalhófs í þessum aðgerðum. Einnig þarf að gæta að mannréttindum. Það sem kemur fram í þessari rannsókn frá ekki stærra úrtaki, er að þetta er verðugt verkefni og þörf er á að skoða þetta betur. Það þarf að skoða áherslur í þessu venjubundna eftirliti og hvort lögreglumenn notfæri sér þekkingaleysi innflytjenda til að fara á svig við lög og reglur.

Þegar litið er til landamæraeftirlits þá hefur þessi aðferð „stop and search“ verið notuð í þeim tilgangi á öðrum Norðurlöndum (Schclarek Mulinari og Keskinen, 2022). Kannski er það einnig að gerast hér, að lögregla sé að sinna eins konar landamæraeftirliti með hópum eins og Albönnum og dragi þá ályktun að líklegra en ella sé að þessir hópar séu hér í ólögmætri dvöl. Slík nálgun gæti skýrt það af hverju Albanir upplifa svona tíðar stöðvarnir lögreglu. Hér þyrfti auk þess að fræða lögreglumenn um fjölbreytileika, að reyna tryggja lögmæt vinnubrögð eins og með skráningum á öllu eftirliti lögreglu. Víða erlendis þar sem stöðvun og eftirlit með innflytjendum eru talin vandamál, fá þeir sem eru stöðvaðir kvittun fyrir því (Metropolitan Police UK, e.d.). Skoða þarf hvort slíkt ætti að taka upp hérlendis.

Ekki má skrá húðlit í málum lögreglu samkvæmt orðum ríkislögreglustjóra (Erla María Markúsdóttir, 2022a). Þannig er það einnig erlendis. Það er því erfitt að sjá hvort um kynþáttamörkun er að ræða í gögnum lögreglu. Svo vísað sé í orð ríkislögreglustjóra, þá er lögreglan meðvituð um þessi mál, en þau hafa ekki verið ofarlega vegna þess hve einsleitt samfélagið hefur verið fram að þessu (Erla María Markúsdóttir, 2022a).

Í skýrslu ríkislögreglustjóra á áhættumati 2020–2024 ásamt öðru, er lýst yfir áhyggjum lögreglu af myndun innflytjendahverfa og auknu álagi á lögreglu vegna fólksfjölgunar. Þar er einnig minnst á að félagsleg blöndun hafi ekki tekist sem skyldi hjá öðrum Norðurlöndum. Ísland fylgi oftast þeirri þróun sem á sér stað þar nokkrum árum síðar (Ríkislögreglustjóri, 2019). Hraðinn í heiminum í dag hefur kannski orðið til þess að þessi tíminn í að Ísland nái öðrum Norðurlöndum styttest. Ísland virðist ekki langt á eftir þeirri þróun sem þar hefur átt sér stað. Þegar bornar eru saman rannsóknir á of-löggæslu, van-löggæslu, kynþáttamörkun og stop and search á öðrum

Norðurlöndum þá eru niðurstöður þessarar rannsóknar ekki svo langt frá því sem er að gerast þar.

Fordómar finnast í samfélaginu og því er líklegt að þeir finnist hjá lögreglu líka þar sem lögreglan er hluti af samfélaginu og speglar það. Lögreglan er að taka á mjög breyttum aðstæðum sem gerast hratt. Það er reynt að taka á þessum breytingum með breyttum áherslum í námi lögreglunema þar sem áhersla er lögð á fjölbreytileika og skilning til þess að koma í veg fyrir fordóma (Erla María Markúsdóttir, 2022b). Samfélagið er að breytast og það tekur tíma að aðlagast. Með aukinni fræðslu má vinna á fordómum sem finnast víða í einsleitum norrænum samfélögum.

Heimildaskrá

- Albanian studies. (e.d.). *Fall of communism*. My Albanian studies <https://albanianstudies.weebly.com/fall-of-communism.html>
- Alma Mjöll Ólafsdóttir. (2021). *Lögreglan segir að Beqiri hafi tengst skipulagðri glæpastarfsemi*. Heimildin <https://stundin.is/grein/13152/>
- Almenn hegningarlög nr. 19/1940.
- Agnew, R. S. (2001). Building on the foundation of general strain theory: Specifying the types of strain most likely to lead to crime and delinquency. *Journal of Research in Crime and Delinquency* 38(4):319-352
- Ahmed, Z. A. (2020). Eurasian Journal of Social Sciences. *Eurasian Journal of Social Sciences*, 8(1), 1-12. <https://www.proquest.com/docview/2406642417/abstract/78ACB822DD1D4F4EPQ/11>
- Alexander Elliot. (2020). *Black lives matter support rallies in iceland - RÚV.is.RÚV* <https://www.ruv.is/english/2020-06-09-black-lives-matter-support-rallies-in-iceland/>
- Arnhildur Hálfðánardóttir. (2016). *Hlutfall albanskra haelisleitenda hvergi hærra - RÚV.is.RÚV* <https://www.ruv.is/oflokka-eldra-efni/hlutfall-albanskra-haelisleitenda-hvergi-haerra/>
- Arnhildur Hálfðánardóttir. (2020a, 11. júní). „Það er ekkert skrítið að fólk treysti okkur ekki“. <https://www.ruv.is/frett/2020/06/11/thad-er-ekkert-skritid-ad-folk-treysti-okkur-ekki>
- Arnhildur Hálfðánardóttir. (2020b, 10. júní). *Lögreglan langt frá því að endurspegla samfélagið*. <https://www.ruv.is/frett/2020/06/10/logreglan-langt-fra-thvi-ad-endurspegla-samfelagid>
- Birk Haller, M., Kolind, T., Hunt, G. og Søgaard, T. F. (2020). Experiencing police violence and insults: Narratives from ethnic minority men in denmark. *Nordic Journal of Criminology*, 21(2), 170-185. <https://doi.org/10.1080/2578983X.2020.1839712>
- Bjørkelo, B., Bye, H. H., Leirvik, M. S., Egge, M. og Ganapathy, J. (2021). Diversity in Education and Organization: From Political Aims to Practice in the Norwegian Police Service. *Police Quarterly*, 24(1), 74-103. <https://doi.org/10.1177/1098611120976024>
- Boehme, H. M., Cann, D. og Isom, D. A. (2022). Citizens' Perceptions of Over- and Under-Policing: A Look at Race, Ethnicity, and Community Characteristics. *Crime & Delinquency*, 68(1), 123-154. <https://doi.org/10.1177/0011128720974309>
- Bonoli, G. (2020). Immigrant integration and social investment. *Journal of European Social Policy*, 30(5), 616-627. <https://doi.org/10.1177/0958928720950619>

- Boylstein, C. A. (2018). Global police discrimination. Í B. V. Klocke, G. W. Muschert, J. Shefner, K. M. Budd, M. Christian og R. Perrucci (ritstjórar), *Global agenda for social justice* (bls. 11-20). Bristol University Press. <https://www.cambridge.org/core/books/global-agenda-for-social-justice/global-police-discrimination/07C3BCA493CE0DB81DD0815CC8A7F345>
- Bøhn, H. (2008). Acculturation and identity in adolescents in norway. *Journal of Intercultural Communication*, (18), 1-1. <https://doi.org/10.36923/jicc.v8i3.464>
- Chan, J. (1996). CHANGING POLICE CULTURE. *The British Journal of Criminology*, 36(1), 109–134. <http://www.jstor.org/stable/23638057>
- Carpan, C. (2022). Racial Profiling and Second-Class Citizenship. *Political Studies*, 0(0). <https://doi.org/10.1177/00323217221099101>
- Charmaz, K. (2014). *Constructing Grounded Theory*, 2nd Edition. [VitalSource Bookshelf version]. Retrieved from <vbk://9781446293492>.
- Commentary: Albania - how one of the most corrupt countries in europe is tackling crime.* (2023). UCL News <https://www.ucl.ac.uk/news/2023/sep/commentary-albania-how-one-most-corrupt-countries-europe-tackling-crime>
- Cox, P., Fussey, P., Hobbs, D., South, N., Thiel, D., Turton, J. og Carrabine, E. (2014). Í Cox P., Fussey P., Hobbs D., South N., Thiel D. og Turton J. (ritstjórar), *Criminology: A Sociological Introduction / (3. útgáfa)*. London: Routledge, Taylor & Francis Group, 2014.
- Creswell, J. W., Poth, C. N. (2016). *Qualitative Inquiry and Research Design: Choosing Among Five Approaches*, 4th Edition. [VitalSource Bookshelf version]. Retrieved from <vbk://9781506330211>
- Cullen, F.T., Agnew, R. og Wilcox, P. (2018). *Criminological Theory: Past to Present* (6. Útgáfa). Oxford University Press.
- Dixon, D. (1998). Broken Windows, Zero Tolerance, and the New York Miracle, *Current Issues in Criminal Justice*, 10:1, 96-106, DOI: 10.1080/10345329.1998.12036118
- Egharevba, S. (2009). Immigrants' interaction with the police in finland: Is it distorted or inflammatory? *International Journal of Law, Crime and Justice*, 37(1), 1-24. <https://doi.org/10.1016/j.ijlcj.2008.09.001>
- Erla Björg Gunnarsdóttir. (2017). *Innflytjendur fá nýja mynd af lögreglunni: "Fyrir mér var lögregla vald til að kúga almenning."* - *vísir*. <https://www.visir.is/g/2017885243d/innflytjendur-fa-nyja-mynd-af-logreglunni-fyrir-mer-var-logregla-vald-til-ad-kuga-almenning.->

- Erla María Markúsdóttir. (2022a, 18. júní). „Við viljum ná til allra, ekki bara sumra“. Kjarninn <https://kjarninn.is/skyring/vid-viljum-na-til-allra-ekki-bara-sumra/>
- Erla María Markúsdóttir. (2022b 12. júní). *Rasismi innan lögreglunnar eins og annars staðar í samfélaginu*.Kjarninn <https://kjarninn.is/skyring/rasismi-innan-logreglunnar-eins-og-annars-stadar-i-samfelaginu/>
- European social survey | european social survey (ESS)*.European Social Survey <https://www.europeansocialsurvey.org/>
- Fangen, K. (2010). Social exclusion and inclusion of young immigrants: Presentation of an analytical framework. *Young*, 18(2), 133-156. <https://doi.org/10.1177/110330881001800202>
- Fassin, D. (2011). Policing borders, producing boundaries: The governmentality of immigration in dark times.<https://doi.org/10.1146/ANNUREV-ANTHRO-081309-145847>
- Fekjær, S. B. og Alecu, A. I. (2022). Attrition of Police Officers With Immigrant Background. *Police Quarterly*, 25(4), 535-560. <https://doi.org/10.1177/10986111211053844>
- Gabriel Benjamin. (2020). *Andúð gagnvart Albönum blössar upp í kjölfar hópslagsmála*. Heimildin <https://stundin.is/grein/11841/>
- Gallup. (2023). *Traust til ýmissa stofnana minnkar milli ára*. <https://www.gallup.is/frettir/traust-2023-traust-til-ymissa-stofnana-minnkar-milli-ara/>
- Garry, A. (2013). The securitisation of the border are we really protected? <https://www.e-ir.info/2013/08/20/the-securitisation-of-the-border-are-we-really-protected/>
- Gonzalez O'Brien, B., Hurst, E., Reedy, J. og Collingwood, L. (2019). Framing refuge: Media, framing, and sanctuary cities. *Mass Communication and Society*, 22(6), 756-778. <https://doi.org/10.1080/15205436.2019.1685106>
- Guðmundur Oddsson, Andrew Paul Hill, Ólafur Örn Bragason, Þóroddur Bjarnason og Kjartan Ólafsson. (2020). Iceland as a microcosm of the effects of educational reform on police students social background. Í Tore Björge og Marie-Louise Damen (ritstjórar), *The making of a police officer*. (bls. 81-92). Routledge.
- Guðmundur Oddsson og Andrew Paul Hill. (2023). Mannekla lögreglu og mjúk löggæsla í dreifbýli. *Íslenska þjóðfélagið*, 12(1), 34–50 <https://ojs.hi.is/index.php/tf/article/view/3876>
- Hagstofa Íslands. (2019). *Hagstofan: Innflytjendum heldur áfram að fjölga*. Hagstofa Íslands <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/innflytjendur/>
- Hagstofa Íslands. (e.d.). *Hagstofan: Mannfjoldi*.Hagstofa Íslands [/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/](https://talnaefni/ibuar/mannfjoldi/)

Hagstofa Íslands. (e.d.). *Hagstofan: Mannfjöldi eftir ríkisfangi, kyni og aldri 1. Janúar 2023*

https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__3_bakgrunnur__Rikisfang/MAN04103.px

Han, S., Hwang, E., Nobles, M. R., Basham, S. L. og Piquero, A. R. (2020). Immigrants' Confidence in the Police in 34 Countries: A Multilevel Analysis. *Police Quarterly*, 23(1), 106-137. <https://doi.org/10.1177/1098611119883424>

Hanna Ragnarsdóttir. (2019). Menntun og þátttaka í nýju landi: Reynsla innflytjenda, flóttafólks og skóla. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 28(2), 145-159. <https://doi.org/10.24270/tuuom.2019.28.7>

Hawdon, J. (2008). Legitimacy, trust, social capital, and policing styles: A theoretical statement. *Police Quarterly*, 11(2), 182-201. <https://doi.org/10.1177/1098611107311852>

Henry, T. K. S. og Franklin, T. W. (2019). Police Legitimacy in the Context of Street Stops: The Effects of Race, Class, and Procedural Justice. *Criminal Justice Policy Review*, 30(3), 406-427. <https://doi.org/10.1177/0887403417708334>

Hennink, M., Hutter, I. og Bailey, A. (2019). *Qualitative Research Methods*, 2nd Edition. [VitalSource Bookshelf version].

Herz, M. og Johansson, T. (2012). The experience of being stopped: Young immigrants, social exclusion and strategies. *Young*, 20(2), 157-176. <https://doi.org/10.1177/110330881202000203>

Hjálmar Friðriksson. (2021). Björn Ingi segir albönsku mafíuna mætta - „Borgin okkar með óvopnaðri lögreglu“. <https://www.mannlif.is/frettir/bjorn-ingi-segir-albonsku-mafiuna-maetta-borgin-okkar-med-ovopnadri-logreglu/>

Immigrants in the nordic countries | nordic cooperation. <https://www.norden.org/en/statistics/immigrants-nordic-countries-0>

Interactive world migration report 2022. <https://www.iom.int/wmr/interactive>

Kaariainen, J. og Niemi, J. (2014). Distrust of the police in a nordic welfare state: Victimization, discrimination, and trust in the police by russian and somali minorities in helsinki. *Journal of Ethnicity in Criminal Justice*, 12, 4. <https://heinonline.org/HOL/Page?handle=hein.journals/wecj12&id=4&div=&collection=>

Kristín Loftsdóttir og Lars Jensen. (2012). *Whiteness and Postcolonialism in the Nordic Region*. Routledge.

Kristín Sigurðardóttir. (2016). *Vilja auka traust innflytjenda á lögreglunni - RÚV.is*. RÚV <https://www.ruv.is/frettir/innlent/vilja-auka-traust-innflytjenda-a-logreglunni/>

Lewis, C. og Usmani, A. (2022). THE INJUSTICE OF UNDER-POLICING IN AMERICA. *American Journal of Law and Equality* 2022; 2 85–106. doi: https://doi.org/10.1162/ajle_a_00030

- Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir. (2021). *Nokkrar kenningar um ástæður minna trausts tillögreglu*. https://www.mbl.is/frettir/innlent/2021/08/08/nokkrar_kenningar_um_a_staedur_minna_trausts/
- Lögreglulög nr. 90/1996.
- Mandon, N., Murphy, K. og Sargeant, E. (2017). Promoting police legitimacy among disengaged minority groups: Does procedural justice matter more? *Criminology & Criminal Justice*, 17(5), 624-642. <https://doi.org/10.1177/1748895817692849>
- Mbl.is. (2019). *Aukin áhætta vegna skipulagðra glæpa*. https://www.mbl.is/frettir/innlent/2019/05/28/aukin_ahaetta_vegna_skipulagdra_glaepa/
- Margrét Valdimarsdóttir (2021). Viðhorf landsmanna til þjónustu og starfa lögreglu. Reykjavík: Félagvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Metropolitan Police, U. K. (e.d.). *The stop and search process*. <https://www.met.police.uk/advice/advice-and-information/st-s/stop-and-search/stop-and-search-process/>
- Miles-Johnson, T. (2019). Policing Diverse People: How Occupational Attitudes and Background Characteristics Shape Police Recruits' Perceptions. *SAGE Open*, 9(3). <https://doi.org/10.1177/2158244019865362>
- Moeckli, D. (2007). Stop and search under the Terrorism Act 2000: A Comment on R (Gillan) v Commissioner of Police for the Metropolis. *The Modern Law Review*, 70(4), 659–670. <http://www.jstor.org/stable/4543159>
- Mourtgos, S. M., Mayer, R. C., Wise, R. A. og O'Rourke, H. (2020). The overlooked perspective of police trust in the public: Measurement and effects on police job behaviors. *Criminal Justice Policy Review*, 31(5), 639-672. <https://doi.org/10.1177/0887403419851850>
- Murphy, K. og Mazerolle, L. (2018). Policing immigrants: Using a randomized control trial of procedural justice policing to promote trust and cooperation. *Australian and New Zealand Journal of Criminology*, 51(1), 3–22. <https://doi.org/10.1177/0004865816673691>
- Murray, K. (2014). Stop and search in Scotland: An evaluation of police practice.
- Okamoto, D. G., Tropp, L. R., Marrow, H. B. og Jones-Correa, M. (2020). Welcoming, Trust, and Civic Engagement: Immigrant Integration in Metropolitan America. *The ANNALS of the American Academy of Political and Social Science*, 690(1), 61-81. <https://doi.org/10.1177/0002716220927661>
- Oliveira, T. R (2021). Violence and coercive policing: Dynamics and consequences of the overpolicing-underpolicing paradox in brazil's largest city. https://www.academia.edu/49864188/Violence_and_Coercive_Policing_Dynamics_and_Consequences_of_the_Overpolicing_Underpolicing_Paradox_in_Brazils_Largest_City

- Ómar Hjalti Sölvason, Þorlákur Axel Jónsson og Markus Hermann Meckl. (2021). Væntingar Íslendinga og hugmyndir innflytjenda um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi. *Íslenska Þjóðfélagið*, https://opinvisindi.is/bitstream/handle/20.500.11815/2947/Vaentingar_Islendinga.pdf?sequence=1&isAllowed=y
- Pálmi Jónasson. (2019). *Albanska mafían í stórsókn* - RÚV.is. <https://www.ruv.is/frettir/erlent/albanska-mafian-i-storsokn/>
- Pearson. G. og Rowe. M. (2020). *Police Street Powers and Criminal Justice*. Bloomsbury.
- Pol.Stops. (2022). *International conference police stops across Europe*. Pol.Stops. <https://polstops.eu/events/international-conference-police-stops-across-europe-february-2023/>
- Ponzanesi, S. og Blaagaard, B. B. (2011). In the name of europe. *Social Identities*, 17(1), 1-10. <https://doi.org/10.1080/13504630.2011.531901>
- Post, M. (2010). *Stop and search under the terrorism act 2000*. JUSTICE <https://justice.org.uk/1582-2/>
- Reglugerð um ökuskírteini nr. 830/2011
- Ritstjórn DV. (2019). Sauð upp úr í deilum Albana á Íslandi: Reyndi að stinga hinn með hnif við Austurbæjarskóla. <https://www.dv.is/frettir/2019/10/11/saud-upp-ur-deilum-albana-islandi-reyndi-ad-stinga-hinn-med-hnif-vid-austurbaejarskola/>
- Ritstjórn Heimildin. (2021). *Blaðamannafundur vegna manndráps í Rauðagerði*. Heimildin <https://stundin.is/grein/13149/>
- Ríkislögreglustjóri. (2019). *Umhverfi löggæslu á Íslandi 2020-2024*. <https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2019/12/Umhverfi-l%C3%B6gg%C3%A6slu-%C3%A1-%C3%8Dlandi-2020-2024.pdf>
- Sausdal, D. (2021). Terrorizing police: Revisiting 'the policing of terrorism' from the perspective of Danish police detectives. *European Journal of Criminology*, 18(5), 755-773. <https://doi.org/10.1177/1477370819874449>
- Saarikkomäki, E., Birk Haller, M., Solhjell, R., Alvesalo-Kuusi, A., Kolind, T., Hunt, G. og Burcar Alm, V. (2021). Suspected or protected? perceptions of procedural justice in ethnic minority youth's descriptions of police relations. *Policing and Society*, 31(4), 386-401. <https://doi.org/10.1080/10439463.2020.1747462>
- Schclarek Mulinari, L. og Keskinen, S. (2022). Racial profiling in the racial welfare state: Examining the order of policing in the Nordic region. *Theoretical Criminology*, 26(3), 377-395. <https://doi.org/10.1177/1362480620914914>
- Seo, S. og Kavakli, S. B. (2022). Media representations of refugees, asylum seekers and immigrants: A meta-analysis of research. *Annals of the International Communication Association*, 46(3), 159-173. <https://doi.org/10.1080/23808985.2022.2096663>

- Síðanefnd háskólanna um vísindarannsóknir*. Háskóli Íslands https://www.hi.is/samstarf/sidanefnd_haskolanna_um_visindarannsoknir
- Sjöhundruð haelisumsóknir Albana. (2019). <https://andriki.is/2019/11/16/sjohundrud-haelisumsoknir-albana/>
- Solhjell, R., Saarikkomäki, E., Haller, M.B. *et al.* "We are Seen as a Threat": Police Stops of Young Ethnic Minorities in the Nordic Countries. *Crit Crim* 27, 347–361 (2019). <https://doi.org/10.1007/s10612-018-9408-9>
- Solhjell, R. og Klatran, H. K. (2023). The Politics of Policing Hate: Boundary Work, Social Inequalities, and Legitimacy. *Social & Legal Studies*. <https://doi.org/10.1177/09646639231201912>
- Sridhar, C. R. (2006). Broken Windows and Zero Tolerance: Policing Urban Crimes on JSTOR. *Economic and Political Weekly*, 1841. <https://doi.org/441819>
- Straiton, M. L., Aambø, A. K. og Johansen, R. (2019). Perceived discrimination, health and mental health among immigrants in norway: The role of moderating factors. *BMC Public Health*, 19. doi:10.1186/s12889-019-6649-9
- Sue, D. W., Capodilupo, C. M. og Holder, A. M. B. (2008). Racial microaggressions in the life experience of black americans. *Professional Psychology: Research and Practice*, 39, 329-336. <https://doi.org/10.1037/0735-7028.39.3.329>
- Sunna Karen Sigþórsdóttir. (2015). *Finnur fyrir því að fólk hugsi „helvítis útlendingur“ - vísir*.visir.is <https://www.visir.is/g/20151005845d/finnur-fyrir-thvi-ad-folk-hugsi-helvitis-utlendingur->
- Tamizer, S. (2023). *Protests erupt in belgium over killing of teen delivery driver in france by police*. <https://www.aa.com.tr/en/europe/protests-erupt-in-belgium-over-killing-of-teen-delivery-driver-in-france-by-police/2933899>
- Taylor, S. J., Bogdan, R. og DeVault, M. (2016). Introduction to Qualitative Research Methods: A Guidebook and Resource, 4th Edition. [VitalSource Bookshelf version].
- Tiratelli, M., Quinton, P. og Bradford, B. (2018). Does stop and search deter crime? evidence from ten years of london-wide data. *The British Journal of Criminology*, 58(5), 1212-1231. <https://doi.org/10.1093/bjc/azx085>
- UK Essays. (2018). Contribution of Chicago School to Criminology. <https://www.ukessays.com/essays/sociology/chicago-school.php?vref=1>
- Üstübcı, A. og İçduygu, A. (2019). Border closures and the externalization of immigration controls in the mediterranean: A comparative analysis of morocco and turkey. *New Perspectives on Turkey*, 60, 179-202. <https://doi.org/10.1017/npt.2018.16>
- Van Craen, M. og Skogan, W. G. (2015). Differences and similarities in the explanation of ethnic minority groups' trust in the police. *European Journal of Criminology*, 12(3), 300-323. <https://doi.org/10.1177/1477370814535375>

Yuan, Y., Wu, Y. og Melde, C. (2022). Does racial discrimination matter: Explaining perceived police bias across four racial/ethnic groups. *Policing: An International Journal*, 45(6), 989-1007. <https://doi.org/10.1108/PIJPSM-02-2022-0020>

Zhilla, F og Lamallari, B. (2018). Organised crime threat assessment for Albania. <https://globalinitiative.net/analysis/organised-crime-threat-assessment-for-albania/>

Þingskjal 305 – 274. Mál. (2018–2019). Tillaga til þingsályktunar um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í íslensku samfélagi. <https://www.althingi.is/altext/149/s/0305.html>

Þingskjal 582 - 511. mál. (2023 - 2024). 582/154 stjórnartillaga: Aðgerðaáætlun í málefnum Íslenskrar tungu 2023—2026. Alþingi. <https://www.althingi.is/altext/154/s/0582.html>

Viðauki 1

Viðtalsrammi

Can you tell me a little about yourself, your name, your age, and your family?

Where do you come from, are you born abroad or here in Iceland?

Why did you come to Iceland?

Where do you live in Iceland?

(If born abroad)

What are the similarities and differences between these countries?

When you were younger, how did you regard the police?

Did you ever have any encounters with the police in your home country?

If so, can you tell me about that?

How did that occur?

If yes – why do you think that the encounter was like that? (if it was a negative experience)

- How did you feel?
-
- Were there any consequences?

In your home country, what is people's general attitude towards the police?

Why do you think that the attitude towards the police is like that?

Have you experienced an encounter with the Icelandic police?

If yes – tell me about that, how that came about, where this occurred and how? How was the attitude of the police?

How did you feel?

How did you perceive the police? Did they meet your needs as in having a translator, explaining, so you could understand in a language you can understand?

Now we are getting to the end of this discussion or at least halfway there.

Do you find that there is a difference in the behaviour of police between countries?

If yes – tell me about that.

What do you know about the Icelandic police, as in their education and their requirements, for example?

What was your perspective on the police before this encounter?

Did this have an impact on your view of the police?

Do you find the police fair in their work?

Do you find the police trustworthy?

Do you find the police discriminating?

What is your view regarding police interaction with minority groups?

Do you follow the police on Facebook, other social media or the community police on Instagram?

The last question, what do you think can be done to improve the interaction and communications between police and immigrants, for example?

Is there anything you would like to add or emphasize regarding our conversation?

Viðauki 2

Samþykki þátttöku



University of Iceland
Faculty of Social and Human Sciences.
Immigrants trust in the Icelandic police.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Approved participation

This research is done to shed some light on how immigrants in Iceland perceive the Icelandic police. If they have had any encounters with the police and if they experience that the work of the police is discriminating towards minority groups. Also, to see if former encounters with police in the homeland has any influence on attitude towards the police in the host land.

Participation in this research will involve in-depth interview which will be recorded and take about 40 minutes. The interview will take place of the participant choosing. Names and personal information will be changed so that participants cannot be recognized, and their identity will be kept hidden.

I hereby confirm by my signature that I have read the information about this research that were delivered to me, that I have been given a chance to ask questions about the research and received satisfactory answers and explanations on issues that seem to me vague. I have freely and willingly decided to participate in this research. I know that even though I have signed this collaborative participation paper, I can cease participation without any explanation at any time.

It is clear to me that all research material will be terminated when it is done and no later than one year after processing it.

Date and place

Name of the participant

The researcher, undersigned, confirms that have given any information about the nature and point of the research, concurring is within laws and regulations about scientific research.

Name of the researcher